

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 537/2014

frá 16. apríl 2014

um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANÐSINS HAFI,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningar meðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum er falið samkvæmt lögum að annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum í því skyni að auka traust almennings á ársreikningum og samstæðureikningsskilum þessara eininga. Það að lögboðin endurskoðun felur í sér þjónustu í almannabágu þýðir að stór hópur fólks og stofnana reiðir sig á að störf löggilts endurskoðanda séu unnin af kostgæfni. Endurskoðun, sem unnin er af ítrustu kostgæfni, stuðlar að eðlilegri starfsemi markaða þar sem hún eykur ráðvæðni og skilvirkni í reikningsskilum. Þess vegna er hlutverk löggiltra endurskoðenda sérstaklega mikilvægt í samfélagslegu tilliti.
- 2) Í löggjöf Sambandsins er gerð krafa um að reikningsskil, sem innihalda árleg reikningsskil eða samstæðureikningsskil lánastofnana, váttryggingafélaga, útgefenda verðbréfa, sem tekin eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, greiðslustofnana, verðbréfasjóða, rafeyrisstofnana og sérhæfðra sjóða, séu endurskoðuð af einum eða fleiri aðilum, sem hafa rétt til að annast slíka endurskoðun í samræmi við löggjöf Sambandsins, þ.e.: Ákvæði 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 86/635/EBE ⁽³⁾, 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE ⁽⁴⁾, 4. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ⁽⁵⁾, 2. mgr. 15. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB ⁽⁶⁾, 73. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ⁽⁷⁾, 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB ⁽⁸⁾ og 3. mgr. 22. gr. tilskipunar

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 191, 29.6.2012, bls. 61.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 3. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana (Stjtið. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1).

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga (Stjtið. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtið. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB (Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á

Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/EB ⁽⁹⁾. Auk þessa er einnig gerð sú krafa, skv. 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ⁽¹⁰⁾, að árleg reikningsskil fjárfestingarfyrirtækja skuli endurskoðuð í þeim tilvikum sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ⁽¹¹⁾ gildir ekki.

- 3) Mælt er fyrir um skilyrði varðandi samþykki á þeim aðilum sem bera ábyrgð á því að annast lögboðna endurskoðun og lágmarkskröfur varðandi það að annast þess háttar lögboðna endurskoðun í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ⁽¹²⁾.
- 4) Hinn 13. október 2010 birti framkvæmdastjórnin grænbók með yfirskriftinni „Stefnumið í endurskoðun: Reynsla af krísunni“ en með henni var ráðist í víðtækt opinbert samráð í almennu samhengi við lagfæringar á reglusetningu á fjármálamarkaði, á hlutverki og umfangi endurskoðunar og hvernig efla mætti hlutverk endurskoðunar með það fyrir augum að stuðla að auknum fjárhagslegum stöðugleika. Umrætt opinbert samráð sýndi að bæta má reglurnar í tilskipun 2006/43/EB um það hvernig standa á að lögboðinni endurskoðun árlegra reikningsskila og samstæðureikningsskila eininga tengdra almannahagsmunum. Evrópuþingið gaf út skýrslu að eigin frumkvæði um grænbókina 13. september 2011. Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins samþykkti einnig skýrslu um umrædda grænbók 16. júní 2011.
- 5) Mikilvægt er að mæla fyrir um ítarlegar reglur í því skyni að tryggja að lögboðin endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum sé af viðunandi gæðum og hana annist löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem lúta ströngum kröfum. Sameiginleg stjórnarsýslunálgun ætti að efla heilindi, óhæði, hlutlægni, ábyrgð, gagnsæi og áreiðanleika löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og leggja til gæða lögboðinnar endurskoðunar í Sambandinu, og með því móti til snurðalausrar starfsemi innri markaðarins, um leið og náð er háu stigi neytenda- og fjárfestaverndar. Mótun sérstakrar réttargerðar fyrir einingar tengdar almannahagsmunum ætti einnig að tryggja samfelld samræmi og jafnvæga beitingu reglna og leggja þannig af mörkum til meiri skilvirkni í starfsemi innri markaðarins. Þessar ströngu kröfur ættu að gilda um löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki þó einungis að því marki sem þau annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum.
- 6) Lögboðin endurskoðun samvinnufélaga og sparisjóða einkennist í sumum aðildarríkjum af kerfi sem gerir þeim ekki kleift að hafa frjálst val um löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Endurskoðunarsamtökum, sem samvinnufélag eða sparisjóður er aðili að, ber skylda til að lögum að annast lögboðna endurskoðun. Slík endurskoðunarsamtök starfa ekki í hagnaðarskyni og leita ekki viðskiptahagsmuna eins og leiðir af lagalegri stöðu þeirra. Auk þess tengjast skipulagseiningar þessara samtaka ekki sameiginlegum efnahagslegum hagsmunum en slíkt gæti stofnað óhæði þeirra í hættu. Samhliða því ætti aðildarríkjunum að vera kleift að veita samvinnufélögum í skilningi 14. liðar 2. gr. tilskipunar 2006/43/EB, sparisjóðum eða sambærilegum einingum, eins og um getur í 45. gr. tilskipunar 86/635/EEB, eða dótturfélögum þeirra eða löglegum arftökum, undanþágu frá þessari reglugerð, að því tilskildu að farið sé að meginreglunum um óhæði sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/43/EB.
- 7) Fjárhæð þóknana, sem löggiltur endurskoðandi móttækur frá einni endurskoðaðri einingu, og samsetning þóknanna getur ógnað óhæði löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis. Það er því mikilvægt að tryggja að þóknarir vegna

tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um stjórnendur fagfjárfestastjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EEB og 93/6/EEB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EEB (Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og viðkomandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EEB og 83/349/EEB (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

⁽¹²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EEB og 83/349/EEB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EEB (Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

endurskoðunar séu á engan hátt skilyrðum bundnar og að þegar endurskoðunarþóknarir frá einum tilteknum viðskiptavini, að meðtöldum dótturfélögum hans, eru umtalsverðar sé komið á sérstöku ferli sem felur í sér stofnun endurskoðunarnefndar til að tryggja gæði endurskoðunarinnar. Ef löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið verða allt of háð einum einstökum viðskiptavini ætti endurskoðunarnefndin að ákveða, á grundvelli gildra ástæðna, hvort löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrirtækinu er fært að annast lögboðnu endurskoðunina. Þegar slík ákvörðun er tekin ætti endurskoðunarnefndin m.a. að íhuga ógnir við óhæði og afleiðingar umræddrar ákvörðunar.

- 8) Þegar tiltekin þjónusta, önnur en lögboðin endurskoðun (önnur þjónusta en endurskoðun), er veitt einingum, sem eru endurskoðaðar af hálfu löggiltra endurskoðenda, endurskoðunarfyrirtækja eða aðila í netum þeirra, getur slíkt stofnað óhæði þeirra í hættu. Þess vegna er rétt að banna að tiltekin önnur þjónusta en endurskoðun, s.s. sérstök skatta- og ráðgjafarþjónusta, sé veitt til handa endurskoðuðu einingunni, móðurfélagi hennar og undirfyrirtækjum hennar innan Sambandsins. Meðal þjónustutegunda, sem fela í sér að einhverjum hluta stjórnun eða ákvarðanatöku innan endurskoðuðu einingarinnar, geta verið stjórnun veltufjár, veiting fjárhagsupplýsinga, háværkun viðskiptaferla, reiðufjárstjórnun, milliverðlagning, myndun skilvirkrar aðfangakeðju og því um líkt. Banna ætti þjónustu sem tengist fjármögnun, fjármagnsuppbyggingu og úthlutun þess og fjárfestingaráætlun endurskoðuðu einingarinnar, að undanskilinni þjónustustarfsemi, s.s. áreiðanleikakönnunum, útgáfu staðlaðra staðfestingarbréfa vegna útboðs- og skráningarlýsinga, sem endurskoðaða einingin gefur út, og annarri þjónustu í tengslum við staðfestingar.
- 9) Aðildarríkjum ætti að vera kleift að ákveða að heimila löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum að veita sérstaka skatta- og verðmatsþjónustu ef umrædd þjónusta er óveruleg og hefur engin bein áhrif, aðgreint eða í heild, á endurskoðuð reikningsskil. Ef umrædd þjónusta felur í sér aðgangsharðar skattlagningaráætlanir ætti ekki að líta svo að hún sé óveruleg. Þess vegna ætti löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki ekki að veita endurskoðuðu einingunni slíka þjónustu. Löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki ætti að vera unnt að veita aðra þjónustu en endurskoðun, sem er ekki bönnuð samkvæmt þessari reglugerð, ef endurskoðunarnefndin hefur samþykkt fyrir fram að þessi þjónusta sé veitt og ef löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið hefur gengið úr skugga um að veiting umræddrar þjónustu feli ekki í sér ógn gagnvart óhæði löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins sem ekki er unnt að draga úr með því að beita verndarráðstöfunum þannig að hún sé af viðunandi stærðargráðu.
- 10) Í því skyni að komast hjá hagsmunaaðrekstrum er mikilvægt að áður en löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki samþykkir eða heldur áfram verkefni við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum þá meti hann hvort óhæðiskröfur eru uppfylltar, einkum hvort einhverjar ógnanir gegn óhæði komi upp vegna tengslanna við þessa einingu. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki ætti að staðfesta óhæði sitt árlega við endurskoðunarnefnd endurskoðuðu einingarinnar og ætti að ræða við þessa nefnd um hvers kyns ógnanir við óhæði hennar og einnig um verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr þessum ógnunum.
- 11) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB⁽¹³⁾ ætti að gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sem fram fer í aðildarríkjunum í sambandi við ákvæði þessarar reglugerðar, og þess háttar vinnsla persónuupplýsinga ætti að falla undir eftirlit lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, einkum þeirra opinberu óháðu yfirvalda sem aðildarríkin tilnefna. Öll upplýsingaskipti eða sending upplýsinga af hálfu lögbærra yfirvalda ætti að uppfylla reglur um flutning persónuupplýsinga eins og mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB.
- 12) Ströng prófun á gæðastýringu vegna þeirrar verkefnavinnu sem fram fer í sérhverju lögboðnu endurskoðunarverkefni ætti að stuðla að hágæða endurskoðun. Þess vegna ætti hvorki löggiltur endurskoðandi né endurskoðunarfyrirtæki að gefa út endurskoðunarskýrslu sína fyrr en að lokinni prófun á gæðastýringu í verkefninu.
- 13) Leggja ætti niðurstöður lögboðinnar endurskoðunar á einingu tengdri almannahagsmunum fram fyrir hagsmunaaðila í endurskoðunarskýrslunni. Til að auka tiltrú hagsmunaaðila á reikningsskilum endurskoðaðrar einingar er sérstaklega mikilvægt að endurskoðunarskýrslan sé unnin á traustum grunni og að hún sé rökstudd með haldgóðum hætti. Til viðbótar við upplýsingarnar, sem gerð er krafa um að veittar séu skv. 28. gr. tilskipunar 2006/43/EB, ætti endurskoðunarskýrslan einkum að innihalda nægar upplýsingar um óhæði löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins og hvort að talið sé að með þessari lögboðnu endurskoðun hafi verið gerlegt að finna frávik, þ.m.t. svik.
- 14) Gildi lögboðinnar endurskoðunar fyrir endurskoðuðu eininguna myndi aukast verulega ef samskipti milli löggilta

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins, annars vegar, og endurskoðunarnefndarinnar, hins vegar, væru efld. Til viðbótar við hefðbundnar viðræður meðan á framkvæmd lögboðnu endurskoðunarinnar stendur er mikilvægt að löggiltir endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið leggi fram viðbótarskýrslu með ítarupplýsingum um niðurstöður lögboðnu endurskoðunarinnar til endurskoðunarnefndarinnar. Þessa viðbótarskýrslu ætti að leggja fram til endurskoðunarnefndarinnar eigi síðar en endurskoðunarskýrslan er lögð fram. Að fenginni beiðni ætti löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki að ræða við endurskoðunarnefndina um lykilmálefni sem getið er um í viðbótarskýrslunni. Auk þess ætti að vera mögulegt að gera umrædda ítarlega viðbótarskýrslu aðgengilega lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á eftirliti með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum, að beiðni þeirra, og þriðju aðilum, eftir því sem kveðið er á um í landslögum.

- 15) Löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki veita nú þegar lögbærum yfirvöldum, sem hafa eftirlit með einingum tengdum almannahagsmunum, upplýsingar um atriði eða ákvarðanir sem gætu falið í sér brot á reglum sem gilda um starfsemi endurskoðuðu einingarinnar eða skaðað áframhaldandi starfsemi endurskoðuðu einingarinnar. Hins vegar myndi það auðvelda eftirlitsverkefni ef yfirmenn lánastofnana og váttryggingafélaga og löggiltir endurskoðendur þeirra og endurskoðunarfyrtæki væru skyldaðir til að koma á skilvirkum viðræðum sín á milli.
- 16) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 ⁽¹⁴⁾ var Evrópska kerfisáhætturáðinu komið á fót. Hlutverk Evrópska kerfisáhætturáðsins er að hafa eftirlit með aukningu kerfislægrar áhættu í Sambandinu. Í ljósi þess hvaða upplýsingum löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki kerfislega mikilvægra fjármálastofnana hafa aðgang að gæti reynsla þeirra komið Evrópska kerfisáhætturáðinu að gagni í starfsemi sinni. Með þessari reglugerð ætti því að greiða fyrir því að komið verði á árlegum vettvangi fyrir viðræður milli löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja, annars vegar, og Evrópska kerfisáhætturáðsins, hins vegar, sem fram fara á grundvelli starfsgreina og nafnlaust.
- 17) Til að auka traust til löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og ábyrgð þeirra, er mikilvægt að auka gagnsæi í skýrslum löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja. Þess vegna ætti að gera þá kröfu til löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja að þau veiti fjárhagsupplýsingar þar sem einkum kemur fram heildarvelta þeirra, með skiptingu niður í þóknanir fyrir endurskoðun, sem greiddar eru af einingum tengdum almannahagsmunum, þóknanir greiddar af öðrum einingum og þóknanir fyrir aðra þjónustu. Þau ættu einnig að veita fjárhagsupplýsingar á því stigi netsins sem þau tilheyra. Löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ættu að veita lögbærum yfirvöldum viðbótarfylgiupplýsingar um þóknanir fyrir endurskoðun í því skyni að auðvelda þeim eftirlitsskyldur sínar.
- 18) Mikilvægt er að hlutverk endurskoðunarnefndarinnar við val á nýjum löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækji sé eftir í þágu þess að teknar séu upplýstari ákvarðanir á hluthafafundi eða af aðilum að endurskoðuðu einingunni. Þess vegna ætti stjórnýs- eða eftirlitsaðilinn að útskýra hvort hann sé fylgjandi því sem endurskoðunarnefndin kys frekar eða ekki þegar hann leggur fram tillögu til hluthafafundar og ef hann er ekki fylgjandi að útskýra af hverju svo er. Í tilmælum endurskoðunarnefndarinnar ætti að koma fram val um a.m.k. tvo mögulega kosti um hver tekur að sér endurskoðunarverkefnið með tilhlýðilegum rökstuðningi fyrir því hvor kosturinn er ákjósanlegri, svo að raunverulegt val geti farið fram. Til að fram komi sanngjarn og réttmætur rökstuðningur í tilmælunum ætti endurskoðunarnefndin að nota niðurstöður úr skyldubundnu valferli, sem endurskoðaða einingin skipuleggur, en er á ábyrgð endurskoðunarnefndarinnar. Í slíku valferli ætti endurskoðaða einingin ekki að varna því að löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki, sem hafa litla markaðshlutdeild, leggi fram tilboð í endurskoðunarverkefnið. Í útboðsgögnum ættu að koma fram gagnsæjar valforsendur, sem mismuna ekki, sem nota skal við mat á tillögum. Þegar tekið er tillit til þess að þetta valferli gæti haft í för með sér óhóflegan kostnað fyrir fyrirtæki með lækkað markaðsverðmæti eða litlar og meðalstórar einingar tengdar almannahagsmunum, með hliðsjón af stærð þeirra, er þó rétt að leysa þessi fyrirtæki og einingar undan þeirri skyldu að skipuleggja ferli fyrir val á nýjum löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækji.
- 19) Réttur almenns hluthafafundar eða aðila að endurskoðuðu einingunni til þess að velja löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki hefði ekkert gildi ef endurskoðaða einingin myndi gera samning við þriðja aðila sem kveður á um takmörkun á slíku vali. Þess vegna ætti að líta svo á að sérhvert ákvæði samnings, sem endurskoðaða einingin gerir við þriðja aðila varðandi ráðningu eða að takmörkun á vali þannig að það nái einungis til tiltekinna löggiltra endurskoðenda eða

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun evrópska kerfisáhætturáðsins (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 1).

endurskoðunarfyrirtækja, sé ógilt.

- 20) Ráðning fleiri en eins löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis af hálfu eininga tengdra almannahagsmunum myndi efla faglega gagnrýni og stuðla að auknum gæðum í endurskoðuninni. Einnig myndi þessi ráðstöfun, ásamt tilvist smærri endurskoðunarfyrirtækja á endurskoðunarmarkaðnum, ýta undir getuaukningu slíkra fyrirtækja, sem einnig myndi auka valið á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum fyrir einingar tengdar almannahagsmunum. Þess vegna ætti að hvetja og örva þá síðarnefndu til að ráða fleiri en einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki til að annast lögboðna endurskoðun.
- 21) Í því skyni að taka á vinfengisógninni og efla þannig óhæði löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja er mikilvægt að koma á hámarkstíma sem endurskoðunarverkefni löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis í tiltekinni endurskoðaðri einingu varir. Til að styrkja óhæði löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis, efla faglega gagnrýni og auka gæði endurskoðunar er að auki kveðið á um, í þessari reglugerð, eftirfarandi möguleika á framlengingu hámarkstímabils: regluleg og opin skyldubundin endurtekningarárúð eða ráðning fleiri en eins löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis af hálfu eininga tengdra almannahagsmunum. Einnig myndi þátttaka smærri endurskoðunarfyrirtækja í þessum aðgerðum ýta undir getuaukningu slíkra fyrirtækja og auka þannig val á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum fyrir einingar tengdar almannahagsmunum. Einnig ætti að koma á viðeigandi stígbundnu víxlunarkerfi að því er varðar umsjónarendurskoðendur (e. key audit partners) sem annast lögboðna endurskoðun fyrir hönd endurskoðunarfyrirtækisins. Einnig er mikilvægt að kveða á um viðeigandi tímabili þar sem slíkum löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki er ekki heimilt að annast lögboðna endurskoðun á sömu einingu. Til að tryggja snurðulaus umskipti ætti fyrri löggiltur endurskoðandi að afhenda nýja löggilta endurskoðandanum afhendingarskrá með viðkomandi upplýsingum.
- 22) Til að tryggja fulla tiltrú fjárfesta og neytenda á innri markaðnum með því að forðast hagsmunaárekstra ættu löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki að heyra undir viðeigandi eftirlit af hálfu lögbærra yfirvalda sem eru óháð endurskoðunarstarfsemi og hafa nægilega getu, sérfræðispekkingu og tilföng. Aðildarríkjum ætti að vera fært að framselja eða heimila lögbærum yfirvöldum sínum að framselja hvaða verkefni þessara lögbæru yfirvalda sem er til annarra yfirvalda eða aðila nema til þeirra sem tengjast gæðatryggingarkerfinu, rannsóknar- og agakerfum. Aðildarríkjunum ætti þó að vera fært að velja hvort þau framselja verkefni, sem tengjast agakerfum, til annarra yfirvalda og aðila, að því tilskildu að meirihluti þeirra aðila, sem taka þátt í stjórnun yfirvaldsins eða aðilans, sem um ræðir, séu óháðir faglegum starfsvettvangi endurskoðunar. Lögbær landsyfirvöld ættu að hafa þær valdheimildir sem nauðsynlegar eru til að fara með eftirlitsverkefni sín, þ.m.t. getu til að nálgast gögn, afla upplýsinga og annast eftirlit. Þau ættu að sérhæfa sig í eftirliti með fjármálamörkuðum, í því að hlíta reikningsskilaskyldum eða í eftirliti með lögboðinni endurskoðun. Hins vegar ætti gera lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á eftirliti með einingum tengdum almannahagsmunum, kleift að annast eftirlitið með því að farið sé að þeim skyldum sem lagðar eru á þessar einingar. Fjármögnun lögbærra yfirvalda ætti að vera óháð hvers konar ótilhlýðilegum áhrifum frá löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum.
- 23) Gæði eftirlits ættu að aukast ef fyrir hendi er skilvirk samvinna meðal þeirra yfirvalda sem falin eru mismunandi verkefni á landsvísi. Þess vegna ættu þau yfirvöld, sem eru til þess bær að hafa eftirlit með því að skyldur við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum séu uppfylltar, að starfa í sameiningu með þeim yfirvöldum, sem bera ábyrgð á verkefnum, sem kveðið er á um í tilskipun 2006/43/EB, með þeim sem hafa eftirlit með einingum tengdum almannahagsmunum, og með þeim peningaþvættisskrifstofum, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB ⁽¹⁵⁾.
- 24) Ytri gæðatrygging lögboðinnar endurskoðunar er undirstaða þess að hægt sé að tryggja fyrsta flokks endurskoðun. Hún eykur trúverðugleika birtra fjárhagsupplýsinga og veitir hluthöfum, fjárfestum, lánveitendum og öðrum aðilum, sem málið snertir, aukna vernd. Þess vegna ættu löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki að heyra undir gæðatryggingarkerfi, sem lögbær yfirvöld bera ábyrgð á, og tryggja þannig hlutlægni og óhæði gagnvart endurskoðunarfaggreininni. Skipuleggja ætti

⁽¹⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtið. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).

gæðaeftirlit þannig að sérhver löggiltur endurskoðandi eða sérhvert endurskoðunarfyrirtæki, sem annast endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, sæti gæðaeftirliti sem byggt er á áhættugreiningu. Ef um er að ræða löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, aðrar en þær sem skilgreindar eru í 17. og 18. lið 2. gr. tilskipunar 2006/43/EB, ætti sú skoðun að fara fram að lágmarki þriðja hvert ár og í öðrum tilvikum að lágmarki sjötta hvert ár. Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2008 um utanaðkomandi gæðatryggingu fyrir löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem endurskoða einingar tengdar almannahagsmunum⁽¹⁶⁾ eru gefnar upplýsingar um hvernig haga ætti eftirlitsúttektum. Gæðaeftirlit ætti að vera hæfilegt og í réttu hlutfalli við umfang og flækjustig í starfsemi löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins sem sætir skoðun.

- 25) Markaðurinn fyrir að veita einingum tengdum almannahagsmunum lögboðna endurskoðun tekur breytingum með tímanum. Þess vegna er nauðsynlegt að lögbær yfirvöld fylgist með þróun á markaði, einkum að því er varðar áhættu sem gæti myndast vegna mikillar samþjöppunar á markaði, einnig innan tiltekinna geira, og frammistöðu endurskoðunarnefndanna.
- 26) Gagnsæi í athöfnum lögbærra yfirvalda ætti að stuðla að aukinni tiltrú fjárfesta og neytenda á innri markaðnum. Þess vegna ætti að gera þá kröfu til lögbærra yfirvalda að þau geri reglulega grein fyrir athöfnum sínum og um að þau birti upplýsingar í samanteknu formi um niðurstöður og ályktanir af eftirlitsúttektum eða í aðgreindu formi ef aðildarríki kveða á um slíkt.
- 27) Samstarf lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum getur lagt mikið af mörkum í því tilliti að tryggja samfelld og hátt gæðastig lögboðinnar endurskoðunar í Sambandinu. Þess vegna ættu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna að vinna saman, eftir þörfum, við framkvæmd eftirlitshlutverks síns í tengslum við lögboðna endurskoðun. Þau ættu að virða meginregluna um að reglusetning sé í höndum heimalands og aðildarríkið þar sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki eru viðurkennd og endurskoðaða einingin er með skráða skrifstofu fari með eftirlitið. Skipuleggja ber samstarf lögbærra yfirvalda innan ramma Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda en í henni ættu að sitja hátt settir fulltrúar lögbærra yfirvalda. Til að efla samfellda beitingu þessarar reglugerðar ætti Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda að vera fært að samþykkja óbindandi leiðbeiningar eða álit. Auk þess ætti hún að liðka fyrir upplýsingaskiptum, vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar og leggja sitt af mörkum til tæknimats og tæknilegra rannsókna.

Til að framkvæmd tæknimats á opinberum eftirlitskerfum í þriðju löndum og vegna alþjóðlegrar samvinnu milli aðildarríkja og þriðju landa á þessu sviði ætti Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda að koma á undirhópi, sem aðili, tilnefndur af Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni)⁽¹⁷⁾ fer fyrir, og ætti að beiðast aðstoðar Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar)⁽¹⁸⁾ eða Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar)⁽¹⁹⁾ að svo miklu leyti sem beiðnin tengist alþjóðlegri samvinnu milli aðildarríkja og þriðju landa á sviði lögboðinnar endurskoðunar á einingum tengdum almannahagsmunum sem heyrar undir eftirlit þessara evrópsku eftirlitsstofnana. Framkvæmdastjórnin ætti að sjá um skrifstofu Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda og á grundvelli vinnuáætlunar sem nefndin samþykkir ætti þar að telja með tengdan kostnað fyrir lauslega áætlun næsta árs.

- 28) Vettvangur samvinnu lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum ætti að fela í sér samvinnu í tengslum við gæðaeftirlit og aðstoð við rannsóknir, sem tengjast framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á einingum tengdum almannahagsmunum, þ.m.t. tilvikum þar sem háttsemin, sem sætir rannsókn, felur ekki í sér brot á neinum laga- eða reglugerðarákvæðum sem eru í gildi í viðkomandi aðildarríki. Nákvæm tilhögun samvinnu milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna ætti m.a. að felast í möguleikanum á að koma á ráðum lögbærra yfirvalda og úthlutun verkefna þeirra á milli. Taka ætti hugmyndina um tengslanet, þar sem löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki starfa, til skoðunar í slíkri samvinnu. Lögbær yfirvöld skulu virða viðeigandi reglur um trúnaðarskyldu og þagnarskyldu.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. ESB L 120, 7.5.2008, bls. 20.

⁽¹⁷⁾ Evrópska eftirlitsstofnunin sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi (Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

⁽¹⁸⁾ Evrópska eftirlitsstofnunin sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽¹⁹⁾ Evrópska eftirlitsstofnunin sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska trygginga- og lífeyrissjóðastofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

- 29) Væxtengsl fjármagnsmarkaða leiða til þess að þörf er á að veita lögbærum yfirvöldum heimild til samstarfs við eftirlitsyfirvöld og -aðila í þriðju löndum í tengslum við upplýsingaskipti eða gæðaeftirlit. Ef samstarf við yfirvöld í þriðja landi tengist vinnuskjöllum varðandi endurskoðunina eða öðrum skjölum í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja ættu þó ferlin sem kveðið er á um í tilskipun 2006/43/EB að gilda.
- 30) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármagnsmarkaða er nauðsynlegt að fyrir hendi sé viðvarandi endurskoðunargeta og samkeppnismarkaður fyrir lögbodna endurskoðunarþjónustu, sem felur í sér að nægt val sé á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum, sem hafa getu til að annast lögbodna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum. Lögbær yfirvöld og Evrópska samkeppnisnetið ættu að gefa skýrslu um breytingar sem gerðar eru á uppbyggingu endurskoðunarmarkaðarins og innleiddar eru með þessari reglugerð.
- 31) Aðlögun ferla þegar framkvæmdastjórnin samþykkir framseldar gerðir við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 290. og 291. gr. hans, ætti að fara fram í hverju tilviki fyrir sig. Til þess að taka tillit til þróunar á endurskoðun og í endurskoðunarfaginu ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Framseldar gerðir eru einkum nauðsynlegar í þeim tilgangi að innleiða alþjóðlega endurskoðunarstaðla á sviði endurskoðunarstarfsemi vegna óhæðis löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja og innra eftirlits þeirra. Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar, sem samþykktir eru, ættu ekki að breyta neinum kröfum í þessari reglugerð eða bæta við neinar þessara krafna, að undanskildum þeim sem eru nákvæmlega skilgreindar. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. samráð við sérfræðinga.
- Framkvæmdastjórnin ætti, við undirbúning og samningu framseldra gerða, að tryggja samhlíða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 32) Til að tryggja réttarvissu og greið umskipti yfir í þá skipan mála, sem komið er á með þessari reglugerð, er brýnt að koma á umbreytingartímabili í tengslum við gildistöku skyldunnar til að víxla löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum og skyldunnar til að skipuleggja valferli við val á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum.
- 33) Skilja ber tilvísanir til ákvæða í tilskipun 2006/43/EB sem tilvísanir í landsákvæði sem leiða í lög ákvæði tilskipunar 2006/43/EB. Nýi evrópski endurskoðunarrámminn, eins og honum er komið á með þessari reglugerð og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/56/ESB ⁽²⁰⁾, kemur í stað gildandi krafna, sem mælt var fyrir um í tilskipun 2006/43/EB, og ber að túlka án tilvísunar til nokkurra undanfarandi gerninga á borð við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt voru samkvæmt fyrri ramma.
- 34) Þar eð aðildarríkjunum er ekki unnt að ná markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að gera nánari grein fyrir og skilgreina betur hlutverk lögbodinnar endurskoðunar í tengslum við einingar tengdar almannahagsmunum, bæta upplýsingar, sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki veitir endurskoðuðu einingunni, fjárfestum og öðrum hagsmunaaðilum, bæta samskiptaleiðir milli endurskoðenda og eftirlitsaðila með einingum tengdum almannahagsmunum, koma í veg fyrir hvers kyns hagsmunaárekstra, sem leiðir af veitingu á þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, til eininga tengdra almannahagsmunum, draga úr áhættu á hagsmunaárekstrum sem gætu orðið vegna þess kerfis sem er fyrir hendi þar sem endurskoðaði aðilinn velur og greiðir endurskoðandanum eða vinfengisógninni, auðvelda einingum tengdum almannahagsmunum að skipta út og velja löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki, rýmka val á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum fyrir einingar tengdar almannahagsmunum og bæta skilvirkni, óhæði og festu í reglusetningu og eftirliti með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum, sem veita einingum tengdum almannahagsmunum lögbodna endurskoðun, m.a. að því er varðar samstarf á vettvangi Sambandsins, heldur verður þeim betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir, í samræmi við nálægðarregluna eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans

⁽²⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/56/EB frá 16. mars 2014 um breytingu á tilskipun 2006/43/EB um lögbodna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila (Stjtið. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 196).

um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

- 35) Í reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, rétturinn til verndar persónuupplýsingum og frelsi til atvinnurekstrar, og skylt er að beita henni í samræmi við þessi réttindi og meginreglur.
- 36) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún álit 23. apríl 2012 ⁽²¹⁾.
- 37) Með þessari reglugerð og tilskipun 2014/56/ESB ætti að koma á fót nýjum lagaramma um lögboðna endurskoðun árlegra og samstæðureikningsskila; þess vegna er rétt að fella ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB ⁽²²⁾ úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur um framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar árlegra reikningsskila og samstæðureikningsskila eininga tengdra almannahagsmunum, um reglur um skipulag og val eininga tengdra almannahagsmunum á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum til þess að efla óhæði þeirra og forðast hagsmunaárekstra og reglur um eftirlit með því að löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki fari að þessum kröfum.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi:

- a) löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum,
- b) einingar tengdar almannahagsmunum.

2. Þessi reglugerð skal gilda með fyrirvara um tilskipun 2006/43/EB.

3. Ef þess er krafist eða það heimilað, samkvæmt ákvæðum landslaga, að samvinnufélag, í skilningi 14. liðar 2. gr. í tilskipun 2006/43/EB, sparisjóður eða sambærilega eining, eins og um getur í 45. gr. tilskipunar 86/635/EBE, eða dótturfélag eða löglegur arftaki samvinnufélags, sparisjóðs eða sambærilegrar einingar, eins og um getur í 45. gr. tilskipunar 86/635/EBE, eigi aðild að endurskoðunareiningu, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, er aðildarríki heimilt að ákveða að þessi reglugerð eða tiltekin ákvæði hennar gildi ekki um lögboðna endurskoðun umræddrar einingar, að því tilskildu að löggilti endurskoðandinn fari að meginreglum

⁽²¹⁾ Stjórn. ESB C 336, 29.6.2012, bls. 4.

⁽²²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB frá 14. desember 2005 um að koma á fót hópi sérfræðinga framkvæmdastjórninni til ráðgjafar og til að stuðla að samvinnu milli opinberra kerfa til eftirlits með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum (Stjórn. ESB L 329, 16.12.2005, bls. 38.)

um óhæði, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/43/EB, þegar hann annast lögboðna endurskoðun á einum af aðilum hennar og af hálfu aðila sem gætu verið í þeirri stöðu að þeir geti haft áhrif á lögboðnu endurskoðunina.

4. Ef þess er krafist eða það heimilað, samkvæmt ákvæðum landslaga, að samvinnufélag, í skilningi 14. liðar 2. gr. í tilskipun 2006/43/EB, sparisjóður eða sambærileg eining, eins og um getur í 45. gr. tilskipunar 86/635/EBE, eða dótturfélag eða löglegur arftaki samvinnufélags, sparisjóðs eða sambærilegrar einingar, eins og um getur í 45. gr. tilskipunar 86/635/EBE, sé aðili að endurskoðunareiningu, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, myndi hlutlægur, sanngjarn og upplýstur aðili ekki komast að þeirri niðurstöðu að félagatengsl tefldu óhæði endurskoðanda í tvísýnu, að því tilskildu að þegar slíkt endurskoðunarfyrirtæki sinnir lögboðinni endurskoðun hjá einum aðila sinna beiti það meginreglum um óhæði gagnvart löggiltu endurskoðendum, sem annast endurskoðunina, og gagnvart þeim aðilum sem gætu verið í þeirri stöðu að þeir hafi áhrif á lögboðnu endurskoðunina.

5. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda, sem um getur í 30. gr., um slíkar óvenjulegar aðstæður þar sem þessari reglugerð eða tilteknum ákvæðum þessarar reglugerðar er ekki beitt. Það skal greina framkvæmdastjórninni og Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda frá skrá yfir ákvæði í þessari reglugerð sem gilda ekki um lögboðna endurskoðun rekstrareininga, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, og réttlætandi ástæðum vegna frávika frá beitingu þeirra.

3. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð skulu skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2006/43/EB, gilda nema að því er varðar hugtakið „lögbert yfirvald“ eins og kveðið er á um í 20. gr. þessarar reglugerðar.

II. BÁLKUR

SKILYRÐI FYRIR ÞVÍ AÐ ANNAST LÖGBOÐNA ENDURSKOÐUN Á EININGUM TENGÐUM ALMANNAHAGSMUNUM

4. gr.

Þóknun vegna endurskoðunar

1. Þóknanir fyrir þjónustu vegna lögboðinnar endurskoðunar á einingum tengdum almannahagsmunum skulu ekki vera skilyrtar þóknanir.

Með fyrirvara um 25. gr. tilskipunar 2006/43/EB, að því er varðar fyrstu undirgrein, merkja skilyrtar þóknanir þóknanir fyrir endurskoðunarverkefni, reiknaðar á fyrirframákveðnum grunni, sem miðast við útkomu eða niðurstöðu viðskipta eða árangur af vinnunni sem innt var af hendi. Ekki skal líta svo á að þóknanir séu skilyrtar ef þær hafa verið ákvarðaðar af dómstóli eða lögbæru yfirvaldi.

2. Ef löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki veitir endurskoðuðu einingunni, móðurfélagi hennar eða undirfyrirtækjum þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, á tímabili sem nær yfir þrjú samfelld fjárhagsár eða lengur skulu heildarþóknanir fyrir þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, aðra en þá, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. í þessari reglugerð, takmarkast við allt að 70% af meðaltali greiddra þóknana á síðustu þremur samfelldu fjárhagsárum vegna lögboðinnar endurskoðunar endurskoðuðu einingarinnar og móðurfélags hennar, undirfyrirtækja og samstæðureikningsskila þeirrar fyrirtækjasamstæðu, ef við á.

Að því er varðar mörkin, sem gerð er grein fyrir í fyrstu undirgrein, skal undanskilja þjónustu sem ekki fellur undir endurskoðun, aðra en þá, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., sem Sambandið eða landslöggið gerir kröfu um.

Aðildarríki geta kveðið á um að lögbært yfirvald geti í undantekningartilvikum, að fenginni beiðni löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis, heimilað að löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki sé undanskilið kröfunum í fyrstu undirgrein að því er varðar einingu, sem hefur verið endurskoðuð á tímabili sem ekki er lengra en tvö fjárhagsár.

3. Ef heildarþóknunir mótteknaðar frá einingu tengdri almannahagsmunum á hverju ári undanfarandi þrjú ár nema meira en 15% af heildarþóknunum, sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki móttekur, eða, ef við á, endurskoðandi samstæðu, sem annast lögboðna endurskoðun, skal umræddur löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki, eða ef svo ber undir, endurskoðandi samstæðu, upplýsa endurskoðunarnefndina, fyrir hvert og eitt þessara fjárhagsára, um þessa staðreynd og ræða við endurskoðunarnefndina um ógnanir við óhæði þeirra og verndarráðstafanir sem beitt er til að draga úr þessum ógnunum. Endurskoðunarnefndin skal taka til athugunar hvort endurskoðunarverkefnið ætti að sæta gæðaeftirlitsskoðun vegna verkefnisins sem framkvæmt er af öðrum löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki áður en endurskoðunarskýrslan er gefin út.

Ef þóknunir, mótteknaðar frá slíkri einingu tengdri almannahagsmunum halda áfram að fara yfir 15% heildarþóknana, sem umræddur löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki eða endurskoðandi samstæðu, ef svo ber til, sem annast lögboðnu endurskoðunina, móttekur, skal endurskoðunarnefndin ákveða á hlutlægum grundvelli hvort löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki eða endurskoðanda samstæðu, sem annast endurskoðun slíkrar einingar eða einingasamstæðu, er heimilt að halda áfram að annast lögboðna endurskoðun um viðbótartímabil sem skal aldrei fara yfir tvö ár.

4. Aðildarríkin mega beita strangari kröfum en þeim sem sett eru fram í þessari grein.

5. gr.

Bann við að veita þjónustu sem ekki felur í sér endurskoðun

1. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, eða sérhver annar aðili nets sem löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið tilheyrir, skal hvorki beint né óbeint veita endurskoðaðu einingunni, móðurfélagi hennar eða undirfyrtækjum innan Sambandsins neina óheimila þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun samanber eftirfarandi:

- a) á tímabilinu milli upphafs þess tímabils sem endurskoðað er og þegar endurskoðunarskýrslan er gefin út og
- b) á fjárhagsárinu sem er hið næsta undanfarandi tímabilinu, sem um getur í a-lið, að því er varðar þjónustuna sem skráð er í g-lið annarrar undirgreinar.

Í þessari málsgrein merkir óheimil þjónusta sem ekki felur í sér endurskoðun eftirfarandi:

- a) skattaþjónusta sem tengist:
 - i. vinnu við skattaeyðublöð,
 - ii. launaskatti,
 - iii. tollum,
 - iv. tilgreiningu á opinberum niðurgreiðslum og skattaþvilnunum nema gerð sé krafa í lögum um aðstoð löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins að því er varðar slíka þjónustu,
 - v. aðstoð í tengslum við skattaeftirlit skattayfirvalda nema gerð sé krafa í lögum um aðstoð löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins að því er varðar slíkar eftirlitsúttektir,
 - vi. útreikningi á beinum og óbeinum skatti og frestuðum skatti,
 - vii. skattaráðgjöf,
- b) þjónusta sem felur í sér þátttöku í stjórnun eða ákvarðanatöku endurskoðuðu einingarinnar,
- c) bókhald og gerð bókhaldsgagna og reikningsskila,
- d) þjónusta tengd launabókhaldi,

- e) þróun og innleiðing innra eftirlits eða áhættustjórnunarferla, sem tengjast undirbúningi og/eða umsjón með fjárhagsupplýsingum eða þróun og innleiðingu tæknilegra fjárhagsupplýsingakerfa,
- f) verðmatsþjónusta, þ.m.t. verðmat sem gert er í tengslum við tryggingafræðilega þjónustu eða aðstoðarþjónustu vegna málaferla,
- g) lögfræðiþjónusta í tengslum við:
 - i. almenna ráðgjöf,
 - ii. samninga fyrir hönd endurskoðuðu einingarinnar og
 - iii. að sinna ráðgjafarhlutverki við lausn í málaferlum,
- h) þjónusta sem tengist deild innri endurskoðunar í endurskoðuðu einingunni,
- i) þjónusta sem tengist fjármögnun, samsetningu höfuðstóls, úthlutun og fjárfestingaráætlun endurskoðuðu einingarinnar, að undanskilinni váttryggingaþjónustu í tengslum við reikningsskil, s.s. útgáfa staðlaðra staðfestingarbréfa vegna útboðs- og skráningarlýsinga sem endurskoðaða einingin gefur út,
- j) kynning, viðskipti með eða tryggingasala vegna hlutabréfa í endurskoðuðu einingunni,
- k) mannauðsþjónusta að því er tekur til:
 - i. stjórnunar þar sem tæk eru á að hafa veruleg áhrif á gerð bókhaldsgagna eða reikningsskila sem falla undir lögboðna endurskoðun og slík þjónusta felur í sér:
 - leit eða val á umsækjendum um slíka stöðu eða
 - að taka að sér skoðun á meðmælum umsækjanda um þessar stöður,
 - ii. formunar og hönnunar skipulagsheildarinnar,
 - iii. kostnaðareftirlits.

2. Aðildarríki geta bannað aðra þjónustu en þá sem skráð er í 1. mgr. ef þau telja að þessi þjónusta geti falið í sér ógnun við óhæði. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar viðbætur við skrána í 1. mgr.

3. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. geta aðildarríki heimilað að þjónusta, sem um getur í i. lið a-liðar, iv.-vii. lið a-liðar og f-lið, sé veitt að því tilskildu að eftirfarandi kröfur séu virtar:

- a) hún hefur engin bein áhrif eða áhrifin eru óveruleg, aðskilið eða í heild, á endurskoðuð reikningsskil,
- b) matið á því hver áhrifin eru á endurskoðuðu reikningsskilin er alhliða skjalfest og útskýrt í viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndarinnar, sem um getur í 11. gr., og
- c) meginreglurnar um óhæði, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/43/EB, eru virtar af hálfu löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins.

4. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og, ef löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið tilheyrir neti, getur sérhver aðili slíks nets veitt endurskoðuðu einingunni, móðurfélagi hennar eða undirfyrtækjum þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, aðra en óheimila þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, og um getur í 1. og 2. mgr., með fyrirvara um samþykki endurskoðunarnefndarinnar, að loknu tilhlýðilegu mati hennar á ógnunum gagnvart óhæði og verndarráðstöfunum sem beitt er í samræmi við 22. gr. b tilskipunar 2006/43/EB. Endurskoðunarnefndin skal gefa út leiðbeiningar varðandi þjónustu, sem um getur í 3. mgr., eftir því sem við á.

Aðildarríkin geta sett strangari reglur þar sem ákveðin eru skilyrði og samkvæmt þeim getur löggiltur endurskoðandi, endurskoðunarfyrtæki eða aðili að neti, sem löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið tilheyrir, veitt endurskoðuðu einingunni, móðurfélagi hennar eða undirfyrtækjum hennar aðra þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, en óheimila þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, sem um getur í 1. mgr.

5. Ef aðili að neti, sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum

tengdum almannahagsmunum, tilheyrir, veitir einhverja þá þjónustu, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, fyrirtæki, sem er með réttarstöðu lögaðila í þriðja landi og er undir stjórn endurskoðaðrar einingar tengdrar almannahagsmunum skal viðkomandi löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki meta hvort óhæði hans, hennar eða þess myndi stefnt í hættu ef aðili að netinu myndi veita slíka þjónustu.

Ef þetta snertir óhæði hans, hennar eða þess skal löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið beita verndarráðstöfunum þar sem við á til að draga úr ógninni sem leiðir af því að slík þjónusta er veitt í þriðja landi. Löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið má því aðeins halda áfram að annast lögboðna endurskoðun einingarinnar tengdri almannahagsmunum að hann, hún eða það geti varið það, í samræmi við 6. gr. þessarar reglugerðar og 22. gr. b í tilskipun 2006/43/EB, að slík veiting þjónustu hafi ekki áhrif á faglegt mat hans, hennar eða þess og endurskoðunarskýrsluna.

Í þessari málsgrein gildir eftirfarandi:

- a) telja skal að þátttaka í ákvarðanatöku endurskoðuðu einingarinnar og veiting þeirra tegunda þjónustu, sem um getur í b-, c- og e-lið annarrar undirgreinar 1. mgr., hafi áhrif á umrætt óhæði í öllum tilvikum og ekki er á neinn hátt hægt að draga úr þeim með verndarráðstöfunum,
- b) telja skal að veiting þeirrar þjónustu, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr., nema b-, c- og e-lið hennar, hafi áhrif á slíkt óhæði og þess vegna eru verndarráðstafanir nauðsynlegar til að draga úr ógnum sem þetta skapar.

6. gr.

Undirbúningur fyrir lögboðna endurskoðun og mat á ógnum við óhæði

1. Áður en löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki þiggur eða heldur áfram með verkefni fyrir lögboðna endurskoðun á einingu tengdri almannahagsmunum skal hann meta og skjalfesta eftirfarandi til viðbótar við ákvæði 22. gr. b í tilskipun 2006/43/EB:

- a) hvort hann eða hún samrýmist kröfum skv. 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar,
 - b) hvort farið sé að skilyrðum skv. 17. gr. þessarar reglugerðar,
 - c) með fyrirvara um tilskipun 2005/60/EB, heilindi þeirra sem sitja í eftirlits-, stjórn-sýslu- og stjórnunardeildum einingarinnar tengdri almannahagsmunum.
2. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal:
- a) staðfesta skriflega ár hvert við endurskoðunarnefndina að löggilti endurskoðandinn, endurskoðunarfyrirtækið og hluthafar, yfirstjórnendur og stjórnendur, sem annast lögboðnu endurskoðunina séu óháðir endurskoðuðu einginunni,
 - b) ræða við endurskoðunarnefndina um hugsanlegar ógnanir við óhæði sitt og þær verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkum ógnunum eins og þau skrá slíkar ógnanir skv. 1. mgr.

7. gr.

Frávik

Með fyrirvara um 12. gr. í þessari reglugerð og tilskipun 2005/60/EB skal löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki við endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, ef grunur vaknar hjá þeim eða þeir hafa rökstuddan grun um að frávik, þ.m.t. svik í tengslum við reikningsskil endurskoðuðu einingarinnar, gætu hafa átt sér stað eða hafa átt sér stað tilkynna endurskoðuðu einginunni um þetta og hvetja hana til að rannsaka málið og gera viðeigandi ráðstafanir til að taka á þessum frávikum og koma í veg fyrir að nokkuð slíkt endurtaki sig í framtíðinni.

Ef endurskoðaða einingin rannsakar ekki málið skal löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið tilkynna það þeim yfirvöldum sem aðildarríkin tilnefna sem ábyrgðaraðila á rannsóknum þess háttar frávika.

Upplýsingar, sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki veitir þessum yfirvöldum í góðri trú um hvers kyns frávik, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu ekki fela í sér brot á neinum samningsbundnum eða lagalegum hömlum um upplýsingagjöf.

Prófun á gæðaeftirliti í verkefnum

1. Áður en skýrslurnar, sem um getur í 10. og 11. gr., eru gefnar út skal fara fram prófun á gæðaeftirliti í verkefnum (í þessari grein hér á eftir nefnt prófun) til að meta hvort löggilti endurskoðandinn eða umsjónarendurskoðandinn (e. key audit partner) gætu með sanngjörnum hætti hafa komist á þá skoðun og að þeirri niðurstöðu sem gerð er grein fyrir í drögum þessara skýrslna.
2. Prófunin skal gerð af skoðunarmanni sem sér um gæðaeftirlit í verkefnum (í þessari grein hér á eftir nefndur „skoðunarmaðurinn“). Skoðunarmaðurinn skal vera löggiltur endurskoðandi sem tekur ekki þátt í framkvæmd lögboðnu endurskoðunarinnar sem prófunin snýr að.
3. Ef endurskoðunarfyrirtæki annast lögboðna endurskoðun og allir löggiltu endurskoðendurnir tóku þátt í framkvæmd lögboðnu endurskoðunarinnar eða ef löggiltur endurskoðandi annast lögboðnu endurskoðunina og löggilti endurskoðandinn er ekki meðeigandi eða starfsmaður endurskoðunarfyrirtækis skal hann, hún eða það, þrátt fyrir 2. mgr., koma því í kring að annar löggiltur endurskoðandi annist prófunina. Ef upplýst er um skjöl eða upplýsingar til óháðs skoðunarmanns vegna ákvæða þessarar greinar skal það ekki fela í sér brot á þagnarskyldu. Skjöl eða upplýsingar, sem skoðunarmaðurinn er upplýstur um vegna ákvæða þessarar greinar, skulu falla undir þagnarskyldu.
4. Við framkvæmd prófunarinnar skal skoðunarmaðurinn skrá a.m.k. eftirfarandi:
 - a) munnlegar og skriflegar upplýsingar, sem löggilti endurskoðandinn eða umsjónarendurskoðandinn hafa gefið til stuðnings mikilvægu álit, sem og helstu útkomur sem endurskoðunarferlið leiddi í ljós, og niðurstöður sem leiddu af þessum útkomum, hvort sem var að beiðni skoðunarmannsins eða ekki,
 - b) álit löggilta endurskoðandans eða umsjónarendurskoðandans, samanber það sem tekið er fram í skýrsludrögum, sem um getur í 10. og 11. gr.
5. Í prófuninni skal a.m.k. meta eftirfarandi þætti:
 - a) óhæði löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins gagnvart endurskoðuðu einingunni,
 - b) þá verulegu áhættu sem skiptir máli við lögboðnu endurskoðunina og löggiltur endurskoðandi eða umsjónarendurskoðandinn hafa komið auga á við framkvæmd lögboðnu endurskoðunarinnar og þær ráðstafanir sem hann eða hún hefur gert til að takast á við þessa áhættu með viðunandi hætti,
 - c) rökstuðning löggilta endurskoðandans eða umsjónarendurskoðandans, einkum að því er varðar mikilvægisstig og verulega áhættu sem um getur í b-lið,
 - d) allar beiðnir til utanaðkomandi sérfræðinga um ráðgjöf og hvernig sú ráðgjöf er nýtt,
 - e) eðli og umfang leiðréttra og óleiðréttra rangfærslna í reikningsskilum, sem fundust við framkvæmd endurskoðunarinnar,
 - f) málefni, sem rædd voru við endurskoðunarnefndina og stjórnar- og/eða eftirlitseiningar endurskoðuðu einingarinnar,
 - g) málefni, sem rædd voru við lögbær yfirvöld og, eftir atvikum, við þriðju aðila,
 - h) hvort skjöl og upplýsingar, sem skoðunarmaðurinn valdi úr skránni, styðja álit löggilta endurskoðandans eða umsjónarendurskoðandans, samanber það sem tekið er fram í skýrsludrögum, sem um getur í 10. og 11. gr.
6. Skoðunarmaðurinn skal ræða niðurstöður skoðunarinnar við löggilta endurskoðandann eða umsjónarendurskoðandann. Endurskoðunarfyrirtækið skal ákveða ferli við að ákvarða hvernig unnt er að leysa úr ágreiningi milli umsjónarendurskoðandans og skoðunarmannsins.
7. Löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið og skoðunarmaðurinn skulu halda skrá um niðurstöður skoðunarinnar og einnig um íhugunarefni sem liggja að baki þessum niðurstöðum.

9. gr.

Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja, í samræmi við 39. gr., með framseldum gerðum, alþjóðlega endurskoðunarstaðla, sem um getur í 26. gr. tilskipunar 2006/43/EB, á sviði endurskoðunarstarfsemi og óhæðis- og innra gæðaeftirlit með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum að því er varðar beitingu þeirra innan Sambandsins, að því tilskildu að þeir uppfylli kröfur skv. a-, b- og c-lið 3. mgr. 26. gr. tilskipunar 2006/43/EB og breyti ekki neinum kröfum í þessari reglugerð eða bæti við neinar kröfur hennar nema þær sem settar eru fram í 7., 8. og 18. gr. þessarar reglugerðar.

10. gr.

Endurskoðunarskýrsla

1. Löggiltur endurskoðandi (endurskoðendur) eða endurskoðunarfyrirtæki skulu leggja fram niðurstöður lögboðnu endurskoðunarinnar á einingunni tengdri almannahagsmunum í endurskoðunarskýrslu.

2. Endurskoðunarskýrslan skal unnin í samræmi við ákvæði 28. gr. tilskipunar 2006/43/EB og í henni skal að auki a.m.k.:

- a) taka fram hvaða aðili réði löggilta endurskoðandann (endurskoðendurna) eða endurskoðunarfyrirtækið (-fyrirtækin),
- b) tilgreina dagsetningu ráðningar og tímabil sem óslitin verkefni voru unnin, þ.m.t. fyrri endurnýjanir og endurráðningar löggiltu endurskoðendanna eða endurskoðunarfyrirtækjanna,
- c) gefa upp eftirfarandi til stuðnings áritun endurskoðanda:
 - i. lýsingu á mikilvægustu áhættum á verulegum rangfærslum, sem metnar voru svo, þ.m.t. áhætta sem metin var á verulegum rangfærslum vegna svika,
 - ii. samantekt á viðbrögðum endurskoðandans gagnvart þessum áhættum og
 - iii. lykilathugasemdir, sem upp koma að því er varðar þessar áhættur, þar sem við á.

Þar sem við á vegna fyrrgreindra upplýsinga, sem gefnar eru í endurskoðunarskýrslunni varðandi sérhverja umtalsverða áhættu, sem metin er að sé fyrir hendi, um verulega rangfærslu, skal koma fram í endurskoðunarskýrslunni skýr tilvísun til viðkomandi upplýsingagjafar í reikningsskilunum

- d) útskýra að hvaða marki lögboðna endurskoðunin var talin geta merkt frávík, þ.m.t. svik,
- e) staðfesta að áritun endurskoðanda er í samræmi við viðbótarskýrsluna til endurskoðunarnefndarinnar, sem um getur í 11. gr.,
- f) lýsa yfir að óheimil þjónusta, sem ekki felur í sér endurskoðun, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., var ekki veitt og að löggilti endurskoðandinn/endurskoðendurnir eða endurskoðunarfyrirtækið/-fyrirtækin héldu óhæði sínu gagnvart endurskoðuðu einingunni við framkvæmd endurskoðunarinnar,
- g) taka fram um hvers kyns þjónustu, sem er til viðbótar lögboðnu endurskoðuninni, sem löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið veitti endurskoðuðu einingunni og undirfyrirtæki/-fyrirtækjum hennar og hefur ekki verið upplýst um í skýrslu framkvæmdastjórnar eða reikningsskilunum.

Aðildarríki geta mælt fyrir um viðbótarkröfur í tengslum við efni endurskoðunarskýrslunnar.

3. Í endurskoðunarskýrslunni skulu ekki vera neinar millivísanir til viðbótarskýrslunnar, sem endurskoðunarnefndin, sem um getur í 11. gr., fékk nema að því leyti sem gerð er krafa um í e-lið 2. mgr. Endurskoðunarskýrslan skal vera á skýru og ótvíræðu máli.

4. Í upplýsingunum skal ekki nota heiti neins lögbærs yfirvalds með þeim hætti að það gæti gefið vísbendingu um eða gefið í skyn að þetta yfirvald mæli með eða samþykki endurskoðunarskýrsluna.

Viðbótarskýrsla til endurskoðunarnefndarinnar

1. Löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, skulu leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndar endurskoðuðu einingarinnar eigi síðar en þann dag sem endurskoðunarskýrslan, sem um getur í 10. gr., er lögð fram. Aðildarríki geta auk þess gert kröfu um að þessi viðbótarskýrsla verði lögð fram til stjórnsýslu- eða eftirlitsaðila endurskoðuðu einingarinnar.

Ef endurskoðaða einingin hefur ekki endurskoðunarnefnd skal leggja viðbótarskýrsluna fram til þess aðila sem annast sambærilega verkefni innan endurskoðuðu einingarinnar. Aðildarríkin geta heimilað endurskoðunarnefndinni að upplýsa um þessa viðbótarskýrslu til þeirra þriðju aðila sem kveðið er á um í landslögum.

2. Viðbótarskýrslan fyrir endurskoðunarnefndina skal vera skrifleg. Í henni skal gerð grein fyrir niðurstöðum lögboðinnar endurskoðunar, sem gerð hefur verið, og skal í það minnsta:

- a) innihalda yfirlýsingu um óhæði, sem um getur í a-lið 2. mgr. 6. gr.,
- b) ef endurskoðunarfyrtæki annaðist lögboðnu endurskoðunina skal tilgreina í skýrslunni um sérhvern umsjónarendurskoðanda sem átti aðild að endurskoðuninni,
- c) ef löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hefur gert ráðstafanir um að eitthvert starfa hans, hennar eða þess sé í höndum annars löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis, sem er ekki aðili að sama neti eða hefur nýtt vinnu utanaðkomandi sérfræðinga, skulu þessi atriði koma fram í skýrslunni og þar skal staðfest að löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið hafi mótttekið staðfestingu frá hinum löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrtækinu og/eða utanaðkomandi sérfræðingnum um óhæði þeirra,
- d) lýsa eðli, tíðni og umfangi samskipta við endurskoðunarnefndina eða aðilann, sem sinnir sambærilegum verkefnum innan endurskoðuðu einingarinnar, yfirstjórn og stjórnsýslu- eða eftirlitseininga endurskoðuðu einingarinnar, þ.m.t. dagsetningum funda þessara eininga,
- e) fela í sér lýsingu á umfangi og tímasetningu endurskoðunarinnar,
- f) ef fleiri en einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hafa verið tilnefnd lýsa dreifingu verkefna meðal löggiltu endurskoðendanna og/eða endurskoðunarfyrtækjanna,
- g) lýsa þeirri aðferðafræði sem beitt er, þ.m.t. hvaða flokkar efnahagsreiknings hafa verið sannreyndir með beinum hætti og hvaða flokkar hafa verið sannreyndir út frá kerfis- og samræmisprófun, þ.m.t. skýring á hvers kyns verulegum breytileika á vogun á kerfis- og samræmisprófun í samanburði við næstliðið ár, jafnvel þótt annar löggiltur endurskoðandi (endurskoðendur) eða endurskoðunarfyrtæki hafi annast reikningsskil næstliðins árs,
- h) upplýsa um magnbundið mikilvægisstig sem notað er til að framkvæma lögboðna endurskoðun reikningsskila í heild og mikilvægisstig, þar sem við á, vegna tiltekinna flokka viðskipta, stöðu reikninga eða upplýsinga um reikninga og upplýsa um eigindlega þætti sem tekið var tillit til við ákvörðun mikilvægisstigs,
- i) greina frá og útskýra mat á atburðum eða skilyrðum, sem komið er auga á meðan á endurskoðun stendur, og gætu vakið verulegar efasemdir um getu einingarinnar til að viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi sínu og hvort þau fela í sér verulega óvissu og leggja fram yfirlit um allar ábyrgðir, stöðluð staðfestingarbréf, vilyrði um opinbera íhlutun og aðrar stuðningsráðstafanir sem lítið hefur verið til við mat á áframhaldandi rekstrarhæfi,
- j) greina frá öllum verulegum brotalömum hjá endurskoðuðu einingunni eða, ef um er að ræða samstæðureikningsskil, hjá móðurfélaginu í innra fjármálaeftirlitskerfi þess og/eða í bókhaldskerfinu. Í viðbótarskýrslunni skal tekið fram fyrir sérhverja slíka verulega brotalöm hvort fundin hefur verið lausn á umræddri brotalöm af hálfu stjórnarinnar eða ekki,
- k) greina frá öllum verulegum málefnum sem fela í sér, eða grunur leikur á um að feli í sér, að ekki hefur verið farið að lögum og reglugerðum eða samþykktum, sem tilgreind voru við endurskoðunina, að því marki sem þau eru talin skipta máli til að endurskoðunarnefndinni sé kleift að ljúka verkefnum sínum,
- l) greina frá og meta verðmatsaðferðir, sem beitt er gagnvart ýmsum liðum í árlegum eða samstæðureikningsskilum, þ.m.t. hvers kyns áhrif sem breytingar á þessum aðferðum hafa,

- m) ef um er að ræða lögboðna endurskoðun á samstæðureikningsskilum að skýra umfang samsteypunnar og útilokunarforsendur, sem endurskoðaða einingin beitir gagnvart einingum, sem ekki eru í samsteypunni, ef einhverjar eru, og hvort þessar forsendur, sem beitt er, séu í samræmi við reikningsskilarammann,
- n) auðkenna, eftir atvikum, hvers kyns vinnu við endurskoðun af hálfu löggilts endurskoðanda/löggiltra endurskoðenda frá þriðju löndum, löggilts endurskoðanda/löggiltra endurskoðenda, endurskoðunarfyrirtækja þriðju landa eða endurskoðunarfyrirtækja í tengslum við lögboðna endurskoðun samstæðureikningsskila annarra en þeirra sem unnin eru af aðilum að sama neti og endurskoðandi samstæðureikningsskilanna tilheyrir,
- o) taka fram hvort endurskoðaða einingin lagði fram allar skýringar og skjöl, sem beðið var um,
- p) greina frá:
- i. öllum verulegum vandkvæðum sem upp komu við lögboðnu endurskoðunina,
 - ii. öllum mikilvægum málefnum sem upp komu vegna lögboðnu endurskoðunarinnar, sem rædd voru eða voru tilefni bréfaskipta við stjórnina, og
 - iii. öllum öðrum málefnum sem upp komu við lögboðnu endurskoðunina sem samkvæmt faglegu mati endurskoðandans eru mikilvæg við umsjón með ferlinu við reikningsskilin.

Aðildarríki geta mælt fyrir um viðbótarkröfur í tengslum við efni viðbótarskýrslunnar til endurskoðunarnefndarinnar.

Að fenginni beiðni löggilts endurskoðanda, endurskoðunarfyrirtækis eða endurskoðunarnefndarinnar skal löggilti endurskoðandinn (endurskoðendurnir) eða endurskoðunarfyrirtækið (-fyrirtækin) ræða lykilmálefni, sem koma upp við lögboðnu endurskoðunina, sem um getur í viðbótarskýrslunni til endurskoðunarnefndarinnar, einkum í j-lið fyrstu undirgreinar, við endurskoðunarnefndina, stjórnunareininguna eða eftirlitseiningu endurskoðuðu einingarinnar, ef við á.

3. Ef fleiri en einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki hafa verið ráðin samtímis og risið hefur ágreiningur milli þeirra um verklag við endurskoðun, bókhaldsreglur eða eitthvað annað málefni, sem varðar framkvæmd lögboðnu endurskoðunarinnar, skal útskýra ástæður fyrir ágreiningnum í viðbótarskýrslunni til endurskoðunarnefndarinnar.

4. Viðbótarskýrslan til endurskoðunarnefndarinnar skal vera undirrituð og dagsett. Ef endurskoðunarfyrirtæki annast lögboðnu endurskoðunina skulu a.m.k. löggiltu endurskoðendurnir, sem annast lögboðnu endurskoðunina af hálfu endurskoðunarfyrirtækisins, skrifa undir viðbótarskýrsluna til endurskoðunarnefndarinnar.

5. Að fenginni beiðni og í samræmi við landslög skulu löggiltu endurskoðendurnir eða endurskoðunarfyrirtækin tafarlaust gera viðbótarskýrsluna aðgengilega lögbærum yfirvöldum í skilningi 1. mgr. 20. gr.

12. gr.

Skýrsla til eftirlitsaðila eininga tengdra almannahagsmunum

1. Með fyrirvara um 55. gr. tilskipunar 2004/39/EB, 63. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/EB ⁽²³⁾, 4. mgr. 15. gr. tilskipunar 2007/64/EB, 106. gr. tilskipunar 2009/65/EB, 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/110/EB og 72. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽²⁴⁾ skal það vera skylda löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, að tilkynna tafarlaust lögbærum yfirvöldum, sem hafa eftirlit með þessari einingu tengdri almannahagsmunum eða, ef viðkomandi aðildarríki ákvarðar svo, lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á eftirliti

⁽²³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

⁽²⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

með löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrirtækinu, um hvers kyns upplýsingar varðandi þessa einingu tengda almannahagsmunum, sem hann, hún eða það hefur orðið áskynja um við framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar og sem gæti valdið einhverju af eftirfarandi:

- a) að verulega sé gengið á svig við lög eða stjórnsýslufyrirmæli, þar sem mælt er fyrir um, eftir atvikum, skilyrði sem gilda um veitingu starfsleyfis eða sem gilda sérstaklega um starfsemi slíkrar einingar tengdrar almannahagsmunum,
- b) verulegri ógn eða vafa um áframhaldandi starfsemi einingarinnar sem tengist almannahagsmunum,
- c) að því sé hafnað að gefa út áritun endurskoðanda á reikningsskilin eða að gefin er neikvæð áritun eða áritun endurskoðanda með fyrirvara.

Löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum ber einnig skylda til að greina frá öllum upplýsingum, sem um getur í a-, b- eða c-lið fyrstu undirgreinar, sem þeir verða áskynja meðan á lögboðinni endurskoðun fyrirtækis stendur, sem hefur náin tengsl við einingu tengda almannahagsmunum sem þeir annast einnig lögboðna endurskoðun á á sama tíma. Að því er varðar þessa grein skulu „náin tengsl“ hafa þá merkingu sem gefin er því heiti í 38. lið 1. mgr. 4. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 575/2013 ⁽²⁵⁾.

Aðildarríkjum er heimilt að krefjast viðbótarupplýsinga frá löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrirtækinu, svo fremi sem það er nauðsynlegt vegna skilvirks eftirlits með fjármálamarkaðnum eins og kveðið er á um í landslögum.

2. Komið skal á skilvirkum viðræðum milli lögbærra yfirvalda, sem hafa eftirlit með lánastofnunum og váttryggingafélögum, annars vegar og löggiltum endurskoðanda/endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtæki/-fyrirtækjum, sem annast lögboðna endurskoðun þessara stofnana og fyrirtækja, hins vegar. Ábyrgð á því að fara að þessari kröfu er hjá báðum aðilum að viðræðunum.

Að minnsta kosti einu sinni ár hvert skal Evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda skipuleggja fund með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum eða -netum, sem annast lögboðna endurskoðun allra kerfislega mikilvægra fjármálastofnana, sem starfa hnattrænt, og hafa starfsleyfi innan Sambandsins, eins og tilgreint er á alþjóðavísu, í því skyni að tilkynna Evrópska kerfisáhætturáðinu um þróun í vissum geirum eða mikilvæga þróun í þessum kerfislega mikilvægu fjármálastofnunum.

Til að liðka fyrir framkvæmd þeirra verkefna, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) og Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) gefa út viðmiðunarreglur, með hliðsjón af gildandi eftirlitsvenjum, sem beint er til lögbærra yfirvalda, sem hafa eftirlit með lánastofnunum og váttryggingafélögum, í samræmi við 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽²⁶⁾ annars vegar og 16. gr. Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽²⁷⁾ hins vegar.

3. Upplýsingagjöf í góðri trú af hálfu löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins eða -netsins, ef við á, til lögbærra yfirvalda eða Evrópska kerfisáhætturáðsins og Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda um upplýsingar, sem um getur í 1. mgr., eða hvers kyns upplýsingar sem koma fram í viðræðum, sem kveðið er á um 2. mgr., skulu ekki fela í sér brot á neinum samningsbundnum eða lagalegum takmörkunum á að afhenda upplýsingar.

13. gr.

Skýrsla um gagnsæi

1. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum

⁽²⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

⁽²⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽²⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska trygginga- og lífeyrissjóðastofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

almanahagsmunum, skal birta árlega gagnsæisskýrslu í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir lok hvers fjárhagsárs. Þessi gagnsæisskýrsla skal birt á vefsetri löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins og skal vera aðgengileg á vefsetrinu í a.m.k. fimm ár frá þeim degi sem hún er birt á vefsetrinu. Ef löggilti endurskoðandinn er ráðinn af endurskoðunarfyrirtæki skulu skuldbindingar samkvæmt þessari grein hvíla á endurskoðunarfyrirtækinu.

Löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki skal heimilt að uppfæra hina árlega birtu gagnsæisskýrslu sína. Í slíku tilviki skal löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið greina frá því að um uppfærða útgáfu skýrslunnar sé að ræða og frumrit skýrslunnar muni áfram verða aðgengilegt á vefsetrinu.

Löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum að gagnsæisskýrslan hafi verið birt á vefsetri löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins og að hún hafi verið uppfærð, eftir því sem við á.

2. Í skýrslunni skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

- a) lýsing á félagsformi og eignarhaldi endurskoðunarfyrirtækisins,
- b) ef löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið er aðili að neti:
 - i. lýsing á netinu og lagalegu og skipulagslegu fyrirkomulagi innan netsins,
 - ii. heiti sérhvers löggilts endurskoðanda, starfandi sem einyrki, eða endurskoðunarfyrirtækis, sem er aðili að netinu,
 - iii. löndin þar sem sérhver löggiltur endurskoðandi starfar sem einyrki eða endurskoðunarfyrirtæki, sem er aðili að netinu, er viðurkenndur sem löggiltur endurskoðandi eða þar sem hann, hún eða það er með skráða skrifstofu sína, yfirstjórn eða höfuðstöðvar,
 - iv. heildarvelta, sem löggiltir endurskoðendur, starfandi sem einyrkjar, og endurskoðunarfyrirtæki, sem eru aðilar að neti, ná, og er til komin vegna lögboðinnar endurskoðunar árlegra og samstæðureikningsskila,
- c) lýsing á stjórnunarkerfi endurskoðunarfyrirtækisins,
- d) lýsing á innri gæðaeftirlitskerfum löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins og yfirlýsing frá stjórn eða framkvæmdastjórn um skilvirkni í starfsemi kerfisins,
- e) upplýsingar um hvenær síðasta gæðaeftirlit, sem um getur í 26. gr., fór fram,
- f) skrá yfir einingar tengdar almanahagsmunum, sem löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið hefur annast lögboðna endurskoðun á á næstliðnu fjárhagsári,
- g) yfirlýsing um óhæðisstefnu löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins þar sem einnig er staðfest að innri skoðun á því að farið sé að reglum um óhæði hafi farið fram,
- h) yfirlýsing um þá stefnu sem löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið fylgir varðandi símenntun löggiltra endurskoðenda, sem um getur í 13. gr. í tilskipun 2006/43/EB,
- i) upplýsingar um grundvöllinn sem miðað er við í þóknun til meðeigenda í endurskoðunarfyrirtækjum,
- j) lýsing á stefnu löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins varðandi skiptingu á umsjónarendurskoðendum og starfsliði í samræmi við 7. mgr. 17. gr.,
- k) upplýsingar um heildarveltu löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins, skipt í neðangreinda flokka, ef ekki er upplýst um þær í reikningsskilum, í skilningi 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2013/34/ESB:
 - i. tekjur af lögboðinni endurskoðun árlegra reikningsskila og samstæðureikningsskila eininga tengdra almanahagsmunum, og eininga í eigu fyrirtækjasamstæðu, og móðurfélagið er eining tengd almanahagsmunum,
 - ii. tekjur af lögboðinni endurskoðun árlegra og samstæðureikningsskila annarra eininga,
 - iii. tekjur af leyfðri þjónustu, annarri en endurskoðun, til eininga sem löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið endurskoðar,

iv. tekjur af þjónustu, annarri en endurskoðun, til annarra eininga.

Í undantekningartilvikum getur löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki ákveðið að greina ekki frá upplýsingunum, sem gerð er krafa um í f-lið fyrstu undirgreinar, að því marki sem nauðsynlegt er til að draga úr yfirvofandi, verulegri ógnun við persónulegt öryggi sérhvers einstaklings. Löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið skal geta sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að slík ógn sé fyrir hendi.

3. Skýrslan um gagnsæi skal undirrituð af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

14. gr.

Upplýsingar til lögbærra yfirvalda

Löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki skulu árlega leggja fram til lögbærs yfirvalds síns skrá yfir endurskoðaðar einingar tengdar almannahagsmunum, eftir tekjum sem þær skila og skipta þessum tekjum í:

- a) tekjur af lögboðinni endurskoðun,
- b) tekjur af þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, önnur en sú sem um getur í 1. mgr. 5. gr., sem gerð er krafa um samkvæmt löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf, og
- c) tekjur af þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, önnur en sú sem um getur í 1. mgr. 5. gr., sem ekki er gerð krafa um samkvæmt löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf.

15. gr.

Skráahald

Löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki skulu geyma skjöl og upplýsingar, sem um getur í 4. gr. (3. mgr.), 6. gr., 7. gr., 8. gr. (4.-7. mgr.), 10. og 11. gr., 12. gr. (1. og 2. mgr.), 14. gr., 16. gr. (2., 3. og 5. mgr.) þessarar reglugerðar og í 22. gr. b, 24. gr. b, 27. og 28. gr. tilskipunar 2006/43/EB, um a.m.k. fimm ára skeið eftir að umrædd skjöl eða upplýsingar voru teknar saman.

Aðildarríki geta krafðið löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki um að geyma skjöl og upplýsingar, sem um getur í fyrstu undirgrein, í lengri tíma í samræmi við reglur þeirra um vernd persónuupplýsinga og stjórnsýslu- og dómsmeðferð.

III. BÁLKUR

RÁÐNING LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA EÐA ENDURSKOÐUNARFYRIRTÆKJA AF HÁLFU EINGA TENGÐRA ALMANNAHAGSMUNUM

16. gr.

Ráðning löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækja

I. Að því er varðar beitingu 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2006/43/EB vegna ráðningar af hálfu eininga tengdra almannahagsmunum á löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrtækjum skulu skilyrði, sem sett eru fram í 2.-5. mgr. þessarar greinar, gilda en geta þó verið með fyrirvara um 7. mgr.

Í þeim tilvikum þegar 2. mgr. 37. gr. í tilskipun 2006/43/EB gildir skal einingin tengd almannahagsmunum tilkynna lögbæru yfirvaldi um notkun annarra kerfa eða fyrirkomulags sem um getur í þeirri grein. Ef svo ber undir skal 2.-5. mgr. þessarar greinar ekki gilda.

2. Endurskoðunarnefndin skal leggja fram tilmæli til stjórnýslu- eða eftirlitseiningar endurskoðuðu einingarinnar vegna ráðningar lögglitra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja.

Tilmælin skulu vera réttlætt og innihalda val um a.m.k. tvo kosti vegna endurskoðunarverkefnisins og endurskoðunarnefndin skal tjá sig með tilhlýðilegum rökstuðningi hvorn hún kys fremur nema um sé að ræða endurnýjun á endurskoðunarverkefni í samræmi við 1. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 17. gr.

Í tilmælum sínum skal endurskoðunarnefndin gera grein fyrir því að í tilmælunum gæti engra áhrifa frá þriðja aðila og ekkert ákvæði í líkingu við það sem um getur í 6. mgr. hafi verið sett varðandi það.

3. Í samræmi við 1. mgr. og 2. mgr. 17. gr., skulu tilmæli endurskoðunarnefndarinnar, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, unnin í kjölfar valferlis sem endurskoðaða einingin hefur skipulagt að virtum eftirfarandi forsendum nema það varði endurnýjun endurskoðunarverkefnis:

- a) endurskoðuðu einingunni skal frjálst að bjóða öllum löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum að leggja fram tillögur um veitingu endurskoðunarþjónustu með því skilyrði að ákvæði 3. mgr. 17. gr. séu virt og að skipulag útboðsferlisins útlöki ekki á neinn hátt þátttöku þeirra fyrirtækja í valferlinu sem fengu innan við 15% heildarendurskoðunarþóknana frá einingum tengdum almannahagsmunum í viðkomandi aðildarriki á næstliðnu almanaksári,
- b) endurskoðaða einingin skal vinna útboðsgögn sem berast skulu þeim löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum sem boðið var. Þessi útboðsgögn skulu gera þeim kleift að skilja starfsemi endurskoðuðu einingarinnar og þá tegund lögboðinnar endurskoðunar sem skal fara fram. Í útboðsgögnunum skulu vera gegnsæjar valforsendur, sem eru án mismununar og skal beitt af endurskoðuðu einingunni til að meta tillögur sem löggiltu endurskoðendurnir eða endurskoðunarfyrirtækin gera,
- c) endurskoðuðu einingunni skal vera frjálst að ákveða valferlið og getur annast beinar samningaviðræður við áhugasama bjóðendur meðan á ferlinu stendur,
- d) ef lögbær yfirvöld, sem um getur í 20. gr., gera kröfu um, í samræmi við lög Sambandsins eða landslög, að löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki uppfylli tiltekna gæðastaðla skal telja þessa staðla með í útboðsgögnum,
- e) endurskoðaða einingin skal meta tillögur frá löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum í samræmi við valforsendur sem skilgreindar eru fyrir fram í útboðsgögnum. Endurskoðaða einingin skal vinna skýrslu um niðurstöður valferlisins og skal endurskoðunarnefndin staðfesta hana. Endurskoðaða einingin og endurskoðunarnefndin skulu taka til skoðunar öll framkomin atriði og niðurstöður í sérhverri eftirlitsúttektarskýrslu um löggilta endurskoðandann eða endurskoðunarfyrirtækið, sem er umsækjandi og um getur í 8. mgr. 26. gr., og er birt af lögbæra yfirvaldinu skv. d-lið 28. gr.,
- f) endurskoðaða einingin skal vera fær um að sýna lögbæra yfirvaldinu, sem um getur í 20. gr. fram á, ef þess er krafist, að valferlið hafi farið fram með réttmætum hætti.

Endurskoðunarnefndin skal bera ábyrgð á valferlinu sem um getur í fyrstu undirgrein.

Að því er varðar a-lið í fyrstu undirgrein skal lögbæra yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr. 20. gr., birta opinberlega skrá yfir viðkomandi löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki og skal uppfæra hana árlega. Lögbæra yfirvaldið skal nota upplýsingarnar frá löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum, skv. 14. gr., fyrir viðkomandi útreikninga.

4. Einingar tengdar almannahagsmunum, sem uppfylla forsendur, sem settar eru fram í f- og t-lið í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/71/EB, skulu ekki krafðar um að beita valferlinu sem um getur í 3. mgr.

5. Í tillögunni um hluthafafund eða fund aðila að endurskoðuðu einingunni vegna ráðningar lögglitra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja skulu koma fram tilmæli og fyrsti valkosturinn, sem um getur í 2. mgr., af hálfu endurskoðunarnefndarinnar eða aðilans sem annast sambærileg verkefni.

Ef tillagan er ekki samhljóða fyrsta vali endurskoðunarnefndarinnar skal, í tillögunni, færa rök fyrir þeim ástæðum að ekki er fylgt tilmælum endurskoðunarnefndarinnar. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki, sem stjórnýslu- eða eftirlitsaðili mælir með, verður þó að hafa tekið þátt í valferlinu sem lýst er í 3. mgr. Þessi undirgrein gildir ekki ef verkefni endurskoðunarnefndarinnar eru í höndum stjórnunar- eða eftirlitseiningar.

6. Sérhvert ákvæði samnings, sem gerður er milli einingar tengdrar almannahagsmunum og þriðja aðila, sem takmarkar valkosti af hálfu hluthafafundar eða fundar aðila að þessari einingu, eins og um getur í 37. gr. tilskipunar 2006/43/EB, við tiltekna flokka eða lista löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, að því er varðar ráðningu tiltekins löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis til að annast lögboðna endurskoðun þeirrar einingar skal vera dautt og ógilt.

Einingin sem tengist almannahagsmunum skal tilkynna lögbærum yfirlöndum, sem um getur í 20. gr., beint og án tafar um hvers konar tilraunir af hálfu þriðja aðila til að setja slíkt samningsákvæði eða reyna að hafa áhrif á annan hátt á ákvörðun hluthafafundar eða fundar aðila að einingunni varðandi val á löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

7. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að við ákveðnar aðstæður skuli einingar tengdar almannahagsmunum ráða lágmarksfjölda löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja og ákvarða skilyrði fyrir tengslum milli löggiltu endurskoðendanna eða endurskoðunarfyrirtækjanna sem ráðin eru.

Ef aðildarríki ákveður slíka kröfu skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og viðkomandi evrópsku eftirlitsyfirvaldi um það.

8. Ef endurskoðaða einingin er með tilnefningarnefnd þar sem hluthafar eða aðilar hafa veruleg áhrif og hennar verkefni er að leggja fram tilmæli varðandi val á endurskoðendum geta aðildarríki heimilað að tilnefningarnefndin taki að sér verkefni endurskoðunarnefndarinnar, sem mælt er fyrir um í þessari grein, og krefjist þess að hún leggi fram tilmælin, sem um getur í 2. mgr., til hluthafafundar eða fundar félagsaðila.

17. gr.

Tímalengd endurskoðunarverkefnisins

1. Eining tengd almannahagsmunum skal ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki í upphafsverkefni til a.m.k. eins árs. Heimilt er að endurnýja verkefniráðninguna.

Hvorki skal upphaflegur verksamningur tiltekins löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis né samningur í samsetningu við nokkurn annan tengdan endurnýjaðan verksamning vara lengur en í 10 ár að hámarki.

2. Þó geta aðildarríkin, þrátt fyrir 1. mgr.:

a) gert kröfu um að upphafsverkefnið, sem um getur í 1. mgr., sé til lengri tíma en eins árs,

b) ákveðið hámarkstímabil innan við 10 ár vegna verkefna, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr.

3. Að loknum hámarkstímabilum verksamninga, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. eða í b-lið 2. mgr., eða að loknum tíma verksamninga, sem framlengdir voru í samræmi við 4. eða 6. mgr., skulu hvorki löggilti endurskoðandinn né endurskoðunarfyrirtækið eða nokkur aðili í neti þeirra innan Sambandsins, eftir atvikum, taka að sér lögboðna endurskoðun sömu einingar tengdrar almannahagsmunum innan næstu fjögurra ára.

4. Aðildarríki geta, þrátt fyrir 1. mgr. og b-lið 2. mgr., kveðið á um að hámarkstímabil, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. og b-lið 2. mgr., megi lengja að hámarki um:

a) tuttugu ár ef opinbert útboðsferli vegna lögboðinnar endurskoðunar fer fram í samræmi við 2.-5. mgr. 16. gr. og það tekur gildi við lok hámarkstímabilsins, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. og b-lið 2. mgr., eða

b) tuttugu og fjögur ár ef, að liðnu hámarkstímabili, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. og b-lið 2. mgr., fleiri en einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki eru ráðin á sama tíma, að því tilskildu að lögboðna endurskoðunin leiði til framsetningar á sameiginlegri endurskoðunarskýrslu eins og um getur í 28. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

5. Hámarkstímabil, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. og í b-lið 2. mgr., skal því aðeins framlengja að tilmæli um slíkt komi frá endurskoðunarnefndinni og stjórnunar- eða eftirlitseiningin leggi þá tillögu fram til hluthafafundar eða félaga, í samræmi við landslög, að ráðningin verði endurnýjuð og sú tillaga er samþykkt.

6. Að loknum hámarkstímabilunum, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr., í b-lið 2. mgr. eða í 4. mgr., eftir því sem við á, getur einingin tengd almannahagsmunum, í undantekningartilvikum farið fram á að lögbært yfirvald, sem um getur í 1. mgr. 20. gr., heimili framlengingu til að endurráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki í annað verkefni ef skilyrðin í a- eða b-lið 4. mgr. eru uppfyllt. Slíkt viðbótarverkefnisráðning skal ekki fara yfir tvö ár.

7. Umsjónarendurskoðendur, sem bera ábyrgð á að annast lögboðna endurskoðun, skulu hætta þátttöku í lögboðinni endurskoðun á endurskoðuðu einingunni eigi síðar en sjö árum frá ráðningu þeirra. Þeir skulu ekki taka aftur þátt í lögboðinni endurskoðun á endurskoðuðu einingunni fyrr en þrjú ár hafa liðið frá því að þeir hættu þátttöku.

Með undanþágu er aðildarríkjum heimilt að krefjast þess að Umsjónarendurskoðendur, sem bera ábyrgð á að annast lögboðna endurskoðun, hætti þátttöku í lögboðinni endurskoðun á endurskoðuðu einingunni eigi síðar en sjö árum frá ráðningu þeirra.

Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal koma á viðeigandi stígbundnu víxlunarkerfi sem á við um æðsta starfslið, sem vinnur að lögboðnu endurskoðuninni, þar á meðal a.m.k. þá einstaklinga sem eru skráðir sem löggiltir endurskoðendur. Þessu víxlunarkerfi skal beitt í áföngum á grundvelli einstaklinga fremur en verkefnishópsins í heild. Það skal vera hlutfallslega hæfilegt miðað við hversu umfangsmikil og flókin störf löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins eru.

Löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrirtækinu skal vera unnt að sýna lögbæra yfirvaldinu að kerfinu sé beitt á árangursríkan hátt og lagað að umfangi og flækjustigi starfs löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins.

8. Að því er varðar þessa grein skal tímabilið sem endurskoðunarverksamningurinn varir reiknast frá fyrsta fjárhagsárinu sem fjallað er um bréfinu um endurskoðunarverksamninginn þar sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki hefur verið ráðinn í fyrsta skipti til að annast samfelldar lögboðnar endurskoðanir fyrir sömu einingu tengda almannahagsmunum.

Að því er varðar þessa grein skal endurskoðunarfyrirtækið telja með önnur fyrirtæki sem endurskoðunarfyrirtækið hefur keypt eða hafa runnið saman við það.

Ef óvissa ríkir um dagsetninguna þegar löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki hófu samfellda lögboðna endurskoðun fyrir eininguna, sem tengist almannahagsmunum, t.d. vegna samruna fyrirtækja, kaupa eða breytinga á eignarhaldi, skal löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið tafarlaust láta lögbært yfirvald vita um þessa óvissu sem skal endanlega ákvarða viðeigandi dagsetningu vegna ákvæða í fyrstu undirgrein.

18. gr.

Afhendingarmappa

Ef löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki er skipt út fyrir annan löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki skal fyrri löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið uppfylla kröfur sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 23. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

Með fyrirvara um 15. gr. skal fyrri löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki einnig veita hinum nýja löggilta endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki aðgang að viðbótarskýrslum, sem um getur í 11. gr., vegna undangenginna ára og að öllum upplýsingum sem send hafa verið lögbærum yfirvöldum skv. 12. og 13. gr.

Fyrri löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrirtækinu skal vera unnt að sýna lögbæra yfirvaldinu fram á að þessar upplýsingar hafi verið veittar nýja löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrirtækinu.

19. gr.

Uppsögn og lausnarbeiðni löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja

Með fyrirvara um 1. mgr. 38. gr. tilskipunar 2006/43/EB skal sérhvert lögbært yfirvald, sem aðildarríki tilnefnir, í samræmi við 2. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar, senda áfram upplýsingar til lögbæra yfirvaldsins, sem um getur í 1. mgr. 20. gr., varðandi uppsögn eða lausnarbeiðni löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis meðan á verksamningi stendur og viðunandi skýringu á ástæðum þessa.

IV. BÁLKUR

EFTIRLIT MEÐ STARFSEMI LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA OG ENDURSKOÐUNARFYRIRTÆKJA SEM ANNAST LÖGBOÐNA ENDURSKOÐUN Á EININGUM TENGÐUM ALMANNAHAGSMUNUM

I. KAFLI

Lögbær yfirvöld

20. gr.

Tilnefning lögbærra yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á því að annast verkefni, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, og fyrir því að tryggja að ákvæðum þessarar reglugerðar sé beitt skulu tilnefnd úr hópi eftirfarandi:

- a) lögbærs yfirvalds, sem um getur í 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB,
- b) lögbærs yfirvalds, sem um getur í h-lið 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB,
- c) lögbærs yfirvalds, sem um getur í 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að ákveða að ábyrgðina á því að tryggja að öllum eða sumum ákvæða III. bóls þessarar reglugerðar sé beitt skuli fela, eftir atvikum, lögbærum yfirvöldum sem um getur í:

- a) 48. gr. tilskipunar 2004/39/EB,
- b) 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB,
- c) h-lið 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2004/109/EB,
- d) 20. gr. tilskipunar 2007/64/EB,
- e) 30. gr. tilskipunar 2009/138/EB,
- f) 1 mgr. 4. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

eða öðrum yfirvöldum sem tilnefnd eru samkvæmt landslögum.

3. Ef fleiri en eitt lögbært yfirvald hefur verið tilnefnt skv. 1. og 2. mgr. skal skipuleggja þessi yfirvöld þannig að verkefnum þeirra sé úthlutað með ótvíræðum hætti.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. gr. skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkis til að gera sérstakar laga- og stjórnvaldsráðstafanir fyrir evrópsk yfirráðasvæði handan hafsins sem viðkomandi aðildarríki hefur sérstök tengsl við.

5. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefningu lögbærra yfirvalda að því er varðar þessa reglugerð.

Framkvæmdastjórnin skal taka þessar upplýsingar saman og veita almenningi aðgang að þeim.

21. gr.

Óhæðisskilyrði

Lögbær yfirvöld skulu vera óháð löggiltu endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjunum.

Lögbær yfirvöld geta leitað ráðgjafar sérfræðinga, eins og um getur í c-lið 1. mgr. 26. gr., vegna vinnu við sérstök verkefni og geta einnig þegið aðstoð sérfræðinga ef það er brýnt til að þau geti lokið verkefnum sínum með fullnægjandi hætti. Í slíkum tilvikum skulu sérfræðingarnir ekki eiga neinn þátt í ákvarðanatökunni.

Einstaklingur skal ekki vera aðili að stjórn eða vera ábyrgur fyrir ákvarðanatöku þessara yfirvalda ef þessi einstaklingur hefur í þátttöku sinni yfir þrjú undangengin ár:

- a) annast lögboðna endurskoðun,
- b) haft atkvæðisrétt í endurskoðunarfyrirtæki,
- c) verið aðili sem situr í stjórnar-, framkvæmda- eða eftirlitsnefnd endurskoðunarfyrirtækis,
- d) verið meðeigandi, starfsmaður hjá eða á annars konar samningi hjá endurskoðunarfyrirtæki.

Fjármögnun þessara yfirvalda skal vera tryggð og óháð ótilhlýðilegum áhrifum frá löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum.

22. gr.

Þagnarskylda í tengslum við lögbær yfirvöld

Þagnarskyldan skal ná til allra einstaklinga, sem eru eða hafa verið ráðnir eða gerðir óháðir samningar við, eða hafa tekið þátt í stjórnun, af hálfu lögbærra yfirvalda eða af hálfu einhvers yfirvalds eða aðila sem falin hafa verið verkefni skv. 24. gr. þessarar reglugerðar. Ekki er heimilt að afhenda upplýsingar, sem falla undir þagnarskyldu, öðrum aðila eða yfirvaldi nema með skírskotun til kvaða, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða til laga og stjórnsýslufyrirmæla sem aðildarríki setur.

23. gr.

Valdheimildir lögbærra yfirvalda

1. Með fyrirvara um 26. gr. hafa hvorki lögbær yfirvöld né önnur opinber yfirvöld aðildarríkis heimild til að skipta sér af efnisinntaki endurskoðunarskýrsla í vinnu við verkefni sín samkvæmt þessari reglugerð.
2. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi allar þær eftirlits- og rannsóknarheimildir sem nauðsynlegar eru til að rækja hlutverk sín samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við ákvæði VII. kafla tilskipunar 2006/43/EB.
3. Valdheimildirnar, sem um getur í 2. mgr., skulu a.m.k. ná yfir eftirfarandi heimildir til að:
 - a) nálgast gögn sem tengjast lögboðnu endurskoðuninni eða önnur skjöl í höndum löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja á einhverju formi sem tengist því að þeir sinni verkefnum sínum og að taka á móti eða taka afrit af þeim,
 - b) afla upplýsinga sem tengjast lögboðnu endurskoðuninni frá hvaða aðila sem er,
 - c) annast vettvangsúttektir á löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum,
 - d) vísa málum til saksóknar,
 - e) óska eftir að endurskoðendur eða sérfræðingar annist sannprófanir eða rannsóknir,
 - f) gera stjórnvaldsráðstafanir og ákveða viðurlög, sem um getur í 30. gr. a í tilskipun 2006/43/EB.

Lögbær yfirvöld mega einungis nota heimildir, sem um getur í fyrstu undirgrein, í tengslum við:

- a) löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem annast lögboðna endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum,

- b) einstaklinga, sem taka þátt í starfsemi löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum,
 - c) endurskoðaðar einingar tengdar almannahagsmunum, hlutdeildarfélög þeirra og tengda þriðju aðila,
 - d) þriðju aðila, sem löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, hafa útvistað sérstökum verkefnum eða starfsemi til og
 - e) einstaklinga sem eru að öðru leyti venslaðir eða tengdir löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum.
4. Aðildarríki skulu tryggja að lögbærum yfirvöldum sé heimilt að beita eftirlits- og rannsóknarheimildum sínum á sérhvern eftirfarandi hátt:
- a) beint,
 - b) í samstarfi við önnur yfirvöld,
 - c) með því að leita til lögbærra dómsyfirvalda.
5. Eftirlits- og rannsóknarvaldheimildir lögbærra yfirvalda skulu nýtt í fullkomnu samræmi við landslög, einkum við meginreglurnar um að virða friðhelgi einkalífs og réttinn til varnar.
6. Vinnsla persónuupplýsinga vegna beitingar eftirlits- og rannsóknarheimilda samkvæmt þessari grein skal fara fram í samræmi við tilskipun 95/46/EB.

24. gr.

Úthlutun verkefna

1. Aðildarríki geta falið eða heimilað lögbærum yfirvöldum, sem um getur í 1. mgr. 20. gr., að fela hvert og eitt verkefnanna, sem gerð er krafa um að sé sinnt samkvæmt þessari reglugerð, öðrum yfirvöldum eða aðilum, sem tilnefndir eru eða heimilað á annað hátt að lögum að sinna umræddum verkefnum, að undanskildum verkefnum sem tengjast:
- a) gæðatryggingarkerfi sem um getur í 26. gr.,
 - b) rannsóknunum, sem um getur í 23. gr. þessarar reglugerðar og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB, sem koma til vegna umrædds gæðatryggingarkerfis eða vegna tilvísunar af hálfu annars yfirvalds og
 - c) viðurlögum og ráðstöfunum, eins og um getur í VII. kafla tilskipunar 2006/43/EB, sem tengjast gæðaeftirliti eða rannsóknum á lögboðnum endurskoðunum á einingum tengdum almannahagsmunum.
2. Allri framkvæmd verkefna af hálfu annarra yfirvalda eða aðila skal úthlutað með ótvíræðum hætti af lögbæru yfirvaldi. Við úthlutunina skal tilgreina verkefnið sem úthlutað er og skilyrðin sem gilda um hvernig þau skulu innt af hendi.
- Ef lögbært yfirvald úthlutar öðrum yfirvöldum eða aðilum verkefnum skal því vera unnt að endurheimta þessar heimildir í hverju og einu tilviki.
3. Skipuleggja skal yfirvöldin eða aðilana þannig að engir hagsmunaárekstrar verði. Lokaábyrgð á eftirliti með því að farið sé að þessari reglugerð og þeim framkvæmdarráðstöfunum sem samþykktar eru þar að lútandi skal hvíla á lögbæra yfirvaldinu sem sér um úthlutunina.
- Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja um hvers konar fyrirkomulag sem gert hefur verið varðandi úthlutun verkefna, þ.m.t. nákvæm skilyrði sem gilda um slíka úthlutun.
4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að úthluta verkefnum, sem um getur í c-lið 1. mgr., til annarra yfirvalda eða aðila, sem tilnefndir eru eða er heimilað á annan hátt að lögum að annast umrædd verkefni ef meirihluti aðilanna sem tekur þátt í stjórnun hlutaðeigandi yfirvalds eða aðila er óháður endurskoðunarfaginu.

25. gr.

Samstarf á landsvísu við önnur lögbær yfirvöld

Lögbær yfirvöld, sem tilnefnd eru skv. 1. mgr. 20. gr., og, eftir atvikum, sérhvert yfirvald sem slíkt lögbært yfirvald hefur úthlutað verkefnum til skal vera í samstarfi á landsvísu við:

- a) lögbær yfirvöld, sem um getur í 4. mgr. 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB,
- b) yfirvöld, sem um getur í 2. mgr. 20. gr., hvort sem þau hafa verið tilnefnd sem lögbær yfirvöld að því er varðar þessa reglugerð eða ekki,
- c) peningaþvættisskrifstofur og lögbær yfirvöld sem um getur í 21. og 37. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Að því er varðar slíkt samstarf skal þagnarskyldan skv. 22. gr. þessarar reglugerðar gilda.

II. KAFLI

Gæðatrygging, markaðseftirlit og gagnsæi lögbærra yfirvalda

26. gr.

Gæðatrygging

1. Í þessari grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a) „eftirlitsúttekkt“: gæðaeftirlit með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum, sem eftirlitsmaður hefur með höndum og felur ekki í sér rannsókn í skilningi 5. mgr. 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB,
- b) „eftirlitsmaður“: skoðunarmaður, sem uppfyllir kröfur, sem settar eru fram í a-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. þessarar greinar, og lögbært yfirvald ræður til starfa eða gerir við hann annars konar samning,
- c) „sérfræðingur“: einstaklingur, með sértæka sérþekkingu á fjármálamörkuðum, reikningsskilum, endurskoðun eða öðrum sviðum sem varða eftirlitsúttektir, þ.m.t. starfandi löggiltir endurskoðendur.

2. Lögbær yfirvöld, sem tilnefnd eru skv. 1. mgr. 20. gr., skulu koma á skilvirku gæðatryggingarkerfi fyrir endurskoðun.

Þau skulu annast gæðaeftirlit með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, á grundvelli greiningar á áhættunni, og:

- a) ef um er að ræða löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum, aðrar en þær sem skilgreindar eru í 17. og 18. lið 2. gr. tilskipunar 2006/43/EB, a.m.k. þriðja hvert ár og
- b) í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í a-lið a.m.k. sjötta hvert ár.

3. Lögbært yfirvald skal bera ábyrgð á eftirfarandi:

- a) samþykki og breytingu á aðferðafræði við eftirlitið, þ.m.t. handbækur fyrir eftirlitsúttektina og eftirfylgni, aðferðafræði við skýrslugjöf og reglubundnar eftirlitsáætlanir,
- b) samþykki og breytingu á eftirlitsúttekta- og eftirfylgniskýrslum,
- c) samþykki fyrir og tilnefningu á eftirlitsmönnum fyrir hverja eftirlitsúttekkt.

Lögbæra yfirvaldið skal úthluta nægilegum tilföngum til gæðatryggingarkerfisins.

4. Lögbæra yfirvaldið skal skipuleggja gæðatryggingarkerfið þannig að það sé óháð þeim löggiltu endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum sem gerð hefur verið úttekkt á.

Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að komið sé á viðeigandi stefnum og ferlum, sem tengjast óhæði og hlutlægni starfsfólks, þ.m.t. eftirlitsmenn og stjórnun gæðatryggingarkerfisins.

5. Lögbæra yfirvaldið skal uppfylla eftirfarandi forsendur við tilnefningu eftirlitsmanna:

- a) eftirlitsmenn skulu hafa viðeigandi menntun í faginu og viðeigandi reynslu í lögboðinni endurskoðun og reikningsskilum ásamt sérstakri þjálfun í gæðaeftirliti,
- b) einstaklingi, sem er starfandi löggiltur endurskoðandi eða er ráðinn af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki eða er á annan hátt í samstarfi við slíkan, skal ekki heimilt að starfa sem eftirlitsmaður,
- c) einstaklingi skal ekki heimilt að starfa sem eftirlitsmaður í rannsókn á löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki fyrr en að lágmarki þrjú ár eru liðin frá því að þessi einstaklingur hætti sem meðeigandi eða starfsmaður umrædds löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis eða sleit öðrum tengslum við umræddan löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki,
- d) eftirlitsmenn skulu lýsa því yfir að ekki sé að vænta neinna hagsmunaárekstra milli þeirra og löggilta endurskoðandans og endurskoðunarfyrirtækisins.

Með fyrirvara um b-lið 1. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að gera samning við sérfræðinga um að annast sérstakar eftirlitsúttektir ef ekki er nægilegur fjöldi eftirlitsmanna hjá yfirvaldinu. Lögbæra yfirvaldið getur einnig notið aðstoðar sérfræðinga ef krefjandi nauðsyn ber til svo að eftirlitsúttektin fari fram á tilhlýðilegan hátt. Í slíkum tilvikum skulu lögbæru yfirvöldin og sérfræðingarnir fara að kröfum sem fram koma í þessari málsgrein. Sérfræðingar skulu ekki taka þátt í stjórnun fagfélaga og -stofnana eða vera ráðnir starfsmenn þeirra eða samningsbundnir á annan hátt en þeim er heimilt að vera félagsmenn í slíkum félögum eða stofnunum.

6. Eftirlitsúttektir skulu a.m.k. ná til eftirfarandi:

- a) mats á tilhögun innra gæðatryggingarkerfis hjá löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrirtækinu,
- b) viðunandi samræmisprófunar á ferlum og skoðunar á skjölum endurskoðunar á einingum tengdum almannahagsmunum, í því skyni að sannreyna skilvirkni innri gæðastýringarkerfis,
- c) mats á innihaldi nýjustu árlegri gagnsæisskýrslu sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki birtir í samræmi við 13. gr. í ljósi niðurstaðna eftirlitsúttektarinnar skv. a- og b-lið þessarar málsgreinar.

7. Að lágmarki skal skoða eftirfarandi innri gæðatryggingarstefnur og -ferli hjá löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrirtækinu:

- a) hvort löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki fylgi viðeigandi endurskoðunar- og gæðatryggingarstöðlum og kröfum um siðareglur og óhæði, þ.m.t. þeim sem settar eru fram í IV. kafla tilskipunar 2006/43/EB og 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar, og viðkomandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í hlutaðeigandi aðildarríki,
- b) magn og gæði tilfanga sem notuð eru, m.a. hvort farið er að kröfum um símenntun, eins og mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 2006/43/EB,
- c) hvort kröfum, sem settar eru fram í 4. gr. þessarar reglugerðar, um þóknanir til greiðslu vegna endurskoðunar er fylgt.

Í þeim tilgangi að prófa hvort kröfur séu uppfylltar skal velja endurskoðunarskjöl á grundvelli greiningar á hættu á því að vanrækt sé að annast lögboðna endurskoðun á viðunandi hátt.

Einnig skulu lögbær yfirvöld skoða með reglulegu millibili aðferðafræði löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja við gerð lögboðinnar endurskoðunar.

Til viðbótar við eftirlitsúttektina, sem tilgreind er í fyrstu undirgrein, skulu lögbær yfirvöld hafa heimild til að framkvæma aðrar úttektir.

8. Niðurstöður og ályktanir eftirlitsúttekta, sem tilmæli eru byggð á, þ.m.t. niðurstöður og ályktanir, sem tengjast gagnsæisskýrslu,

skal senda til og ræða um hana við löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki, sem skoðuð eru, áður en eftirlitsúttektarskýrslan er fullunnin.

Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki, sem skoðuð eru, skulu koma tilmælum eftir eftirlitsúttektir til framkvæmda innan hæfilegs tíma sem lögbært yfirvald ákveður. Þetta tímabil skal ekki vera lengra en 12 mánuðir ef um er að ræða tilmæli varðandi innra gæðatryggingakerfi hjá löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrirtækinu.

9. Gera skal eftirlitsúttektinni skil í skýrslu þar sem fram koma helstu niðurstöður og ráðleggingar gæðaeftirlitsins.

27. gr.

Eftirlit með markaðsgæðum og samkeppni

1. Lögbær yfirvöld, sem tilnefnd eru skv. 1. mgr. 20. gr., og Evrópska samkeppnisnetið, eftir atvikum, skulu reglulega vakta þróun á markaði varðandi veitingu þjónustu á sviði lögboðinnar endurskoðunar til handa einingum tengdum almannahagsmunum, og skulu einkum meta eftirfarandi atriði:

- a) áhættur, sem skapast af tíðum annmörkum á gæðum hjá löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki, m.a. kerfisbundnir annmarkar innan endurskoðunarfyrirtækjanets, sem gætu leitt til endaloka hvaða endurskoðunarfyrirtækis sem er, rofs í veitingu lögboðinnar endurskoðunarþjónustu, hvort heldur er í tilteknum geira eða heilt yfir geira, meiri uppsöfnun áhættu á annmörkum í endurskoðun og gætu haft áhrif á stöðugleika fjármálageirans í heild,
- b) samþjöppunarstig á markaði, einnig í tilteknum geirum,
- c) frammistöðu endurskoðunarnefnda,
- d) þörfina á að samþykkja ráðstafanir til að draga úr áhættu sem um getur í a-lið.

2. Eigi síðar en 17. júní 2016 og að lágmarki þriðja hvert ár eftir það skal sérhvert lögbært yfirvald og Evrópska samkeppnisnetið taka saman skýrslu um þróun á markaðnum fyrir lögboðna endurskoðunarþjónustu til handa einingum tengdum almannahagsmunum og leggja hana fyrir Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina og framkvæmdastjórnina.

Eftir samráð við Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina skal framkvæmdastjórnin nota þessar skýrslur til að vinna sameiginlega skýrslu um þessa þróun á vettvangi Sambandsins. Leggja skal þessa sameiginlegu skýrslu fyrir ráðið, Seðlabanka Evrópu og Evrópska kerfisáhætturáðið og, eftir atvikum, einnig Evrópuþingið.

28. gr.

Gagnsæi lögbærra yfirvalda

Lögbær yfirvöld skulu vera gagnsæ og skulu a.m.k. birta:

- a) skýrslur um árlega starfsemi varðandi verkefni sín samkvæmt þessari reglugerð,
- b) árlegar starfsáætlanir varðandi verkefni sín samkvæmt þessari reglugerð,
- c) skýrslu um heildarniðurstöður gæðatryggingarkerfisins á ársgrundvelli. Í þessari skýrslu skulu koma fram upplýsingar um útgefin tilmæli, eftirfylgni vegna tilmælanna, eftirlitsráðstafanir, sem gerðar eru, og viðurlög sem sett eru. Í henni skulu einnig koma fram magnbundnar upplýsingar og aðrar lykilupplýsingar um frammistöðu varðandi fjármagn og starfslið og skilvirkni og árangur gæðatryggingarkerfisins,
- d) safnupplýsingar um niðurstöður og ályktanir af eftirlitsúttektum sem um getur í fyrstu undirgrein 8. mgr. 26. gr. Aðildarríki geta krafist þess að þessar niðurstöður og ályktanir úr einstökum eftirlitsúttektum séu birtar.

III. KAFLI

Samstarf milli lögbærra yfirvalda og tengsl við evrópsk eftirlitsyfirvöld

29. gr.

Samstarfsskylda

Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu vinna saman ef það er nauðsynlegt að því er þessa reglugerð varðar, þ.m.t. í tilvikum þar sem háttsemi, sem er til rannsóknar, felur ekki í sér brot á ákvæðum gildandi laga eða reglna sem gilda í hlutaðeigandi aðildarríki.

30. gr.

Stofnun Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda

- 1 Með fyrirvara um landsbundið skipulag eftirlits með endurskoðun skal skipuleggja samstarf milli lögbærra yfirvalda innan ramma Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda.
- 2 Í Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda skal sitja einn aðili frá sérhverju aðildarríki og skal hann vera háttsettur fulltrúi lögbærra yfirvalda, sem um getur í 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB, og einn aðili, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilnefnir, hér á eftir nefndir „aðilar“.
- 3 Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni skal boðið að sitja fundi Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda sem áheyrnarfulltrúar.
- 4 Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda skal halda fundi reglulega og að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis ef nauðsyn krefur.
- 5 Sérhver aðili að Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda hefur eitt atkvæði nema sá aðili sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilnefnir en hann hefur ekki atkvæðisrétt. Ef annað er ekki tekið fram skal meirihluti nefndarmanna taka ákvarðanir Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda.
- 6 Formaður Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda skal valinn af lista umsækjenda, sem eru fulltrúar lögbærra yfirvalda, sem um getur í 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB, eða settur frá, í öllum tilvikum með tveimur þriðju meirihluta nefndarmanna. Formaður skal kosinn til fjögurra ára. Formaður getur ekki gegnt sömu stöðu samfellt í nokkur kjörtímabil en heimilt er að kjósa hann aftur eftir fjögurra ára hlé.

Varaformaður skal tilnefndur eða leystur frá störfum af framkvæmdastjórninni.

Hvorki formaður né varaformaður skal hafa atkvæðisrétt.

Ef formaður segir af sér eða hann er leystur frá störfum áður en kjörtímabili hans lýkur skal varaformaður gegna störfum formanns þar til næsti fundur Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda er haldinn en á honum skal kosinn formaður fyrir það sem eftir er kjörtímabilsins.

7. Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda skal:

- a) liðka fyrir upplýsingaskiptum, sérfræðipækkingu og bestu starfsvenjum vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og tilskipunar 2006/43/EB,
- b) veita framkvæmdastjórninni sérfræðiráðgjöf og einnig lögbærum yfirvöldum, að þeirra beiðni, um málefni sem tengjast framkvæmd þessarar reglugerðar og tilskipunar 2006/43/EB,
- c) leggja af mörkum til tæknilegs mats á opinberum eftirlitskerfum í þriðju löndum og alþjóðlegri samvinnu á milli aðildarríkja og þriðju landa á þessu sviði, eins og um getur í 2. mgr. 46. gr. og 3. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB,
- d) leggja af mörkum til tæknilegrar skoðunar á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, þ.m.t. mótunarferli þeirra, með það fyrir augum að samþykka þá á vettvangi Sambandsins,

- e) leggja af mörkum til bættra samstarfsaðferða við eftirlit með löggiltum endurskoðendum, endurskoðunarfyrirtækjum eða netum, sem þeir tilheyra, sem endurskoða einingar tengdar almannahagsmunum,
- f) annast samræmingarverkefni í þeim tilvikum sem kveðið er á um í þessari reglugerð eða í tilskipun 2006/43/EB.
8. Til að sinna verkefnum sínum, sem um getur í c-lið 7. mgr., skal Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda fara fram á aðstoð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar, að því marki sem beiðnin tengist alþjóðlegri samvinnu milli aðildarríkja og þriðju landa á sviði lögbóðinnar endurskoðunar eininga tengdra almannahagsmunum, sem eru undir eftirliti þessara evrópsku eftirlitsstofnana. Ef farið er fram á slíka aðstoð skulu Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin aðstoða Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda við verkefni hennar.
9. Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda er heimilt að samþykkja óbindandi viðmiðunarreglur eða álit í þeim tilgangi að sinna verkefnum sínum.
- Framkvæmdastjórnin skal birta leiðbeiningar og álit sem Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda hefur samþykkt.
10. Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda skal taka að sér öll núverandi verkefni sem eru í vinnslu, eftir því sem við á, sem eru í höndum Evrópuhóps eftirlitsaðila endurskoðenda sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB.
11. Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda getur komið á varanlegum eða sérstökum undirhópum til að skoða ákveðin málefni í tengslum við verksviðið sem það hefur ákvarðað. Heimilt er að þátttaka í umræðum undirhópa nái einnig til lögbærra yfirvalda frá löndum á Evrópska efnahagssvæðinu (hér á eftir nefnt „EES“) á sviði eftirlits með endurskoðun, eða með boði, í einstökum tilvikum, til lögbærra yfirvalda frá löndum utan ESB/EES, með fyrirvara um samþykki nefndarmanna í Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda. Þátttaka lögbærs yfirvalds frá landi utan ESB/EES getur verið háð tímatakmörkunum.
12. Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda skal stofna undirhóp í þeim tilgangi að annast þau verkefni sem um getur í c-lið 7. mgr. Formaður undirhópsins skal vera aðili sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilnefnir skv. 2. mgr.
13. Formaður Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda getur, að beiðni a.m.k. þriggja aðila eða að eigin frumkvæði, ef það er talið gagnlegt og/eða nauðsynlegt, boðið sérfræðingum, þ.m.t. þeim sem starfa í faginu með ákveðna sérþekkingu á málefni sem er á dagskránni, að taka þátt í umræðum Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda eða undirhópa hennar sem áheyrnarfulltrúar. Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda getur boðið fulltrúum lögbærra yfirvalda frá þriðju löndum, sem eru hæfir á sviði eftirlits með endurskoðun, að taka þátt í umræðum Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda eða undirhópa hennar sem áheyrnarfulltrúar.
14. Framkvæmdastjórnin skal sjá Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda fyrir skrifstofu. Gera skal ráð fyrir útgjöldum Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda í fjárhagsáætlun framkvæmdastjórnarinnar.
15. Formaður skal vinna bráðabirgðadagskrá fyrir alla fundi Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda með tilhlýðilegu tilliti til skriflegra framlaga nefndarmanna.
16. Formaður, eða varaformaður, í fjarveru hans eða hennar, skal einungis greina frá sjónarmiðum og afstöðu Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda með samþykki nefndarmanna.
17. Umræður Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda skulu ekki vera opinberar.
18. Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda setur sér starfsreglur.

1. Lögbær yfirvöld skulu gera ráðstafanir til að tryggja skilvirkt samstarf á vettvangi Sambandsins í tengslum við gæðaeftirlit.
2. Lögbært yfirvald í aðildarríki getur farið fram á aðstoð lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki í tengslum við gæðaeftirlit á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum sem tilheyra netum, sem sinna umtalsverðri starfsemi í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til.
3. Ef lögbært yfirvald móttækur beiðni frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki um aðstoð með gæðaeftirliti með löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki, sem tilheyrir neti, sem sinnir umtalsverðri starfsemi í aðildarríkinu, skal það heimila lögbæra yfirvaldinu, sem beiðnin kemur frá, að aðstoða við gæðaeftirlitið.

Lögbæra yfirvaldið sem sendir beiðnina skal ekki eiga rétt á aðgangi að upplýsingum sem gætu brotið þjóðaröryggisreglur eða haft mótdræg áhrif á fullveldi, öryggi eða allsherjarreglu í aðildarríkinu sem beiðni er beint til.

4. Ef lögbært yfirvald kemst að þeirri niðurstöðu að starfsemi, sem brýtur í bága við ákvæði þessarar reglugerðar, fari fram eða hafi farið fram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal það tilkynna lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki um niðurstöðu sína á eins nákvæman hátt og unnt er. Lögbært yfirvald í hinu aðildarríkinu skal grípa til viðeigandi aðgerða. Það skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem tilkynnir þetta, um niðurstöður þessarar aðgerðar og, eftir því sem unnt er, um mikilvæga þróun á meðan á þessu stendur.

5. Lögbæru yfirvaldi eins aðildarríkis er heimilt að óska eftir að lögbært yfirvald annars aðildarríkis láti fara fram rannsókn á yfirráðasvæði hins síðarnefnda.

Því er einnig heimilt að óska eftir að sumir starfsmanna þess fái að fylgja starfsliði lögbærs yfirvalds þessa aðildarríkis á meðan á rannsókninni stendur, einnig í tengslum við vettvangsúttektir.

Rannsóknin eða úttektin skal að öllu leyti falla undir stjórn þess aðildarríkis, sem yfirráðasvæðið, þar sem rannsóknin eða úttektin fer fram, heyrir undir.

6. Lögbæru yfirvaldi, sem beiðninni er beint til, er heimilt að neita að bregðast við beiðni um að rannsókn fari fram, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein 5. mgr., eða, beiðni um að starfsmenn þeirra fylgi starfsliði lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis, eins og kveðið er á um í annarri undirgrein 5. mgr., í eftirfarandi tilvikum:

- a) slík rannsókn eða vettvangsúttekt brotið þjóðaröryggisreglur eða gæti haft mótdræg áhrif á fullveldi, öryggi eða allsherjarreglu aðildarríkisins sem beiðninni er beint til,
- b) ef dómsmeðferð hefur þegar hafist varðandi sömu aðgerðir gagnvart sömu aðilum hjá yfirvöldum aðildarríkisins sem beiðninni er beint til,
- c) endanlegur dómur hefur þegar fallið varðandi sömu aðgerðir gagnvart sömu aðilum hjá yfirvöldum aðildarríkisins sem beiðninni er beint til.

7. Ef um er að ræða gæðaeftirlit eða rannsókn, sem hefur áhrif yfir landamæri, er lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis heimilt að beina sameiginlegri beiðni til Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda um að samræma skoðunina eða rannsóknina.

32. gr.

Ráð lögbærra yfirvalda

1. Til þess að auðvelda framkvæmd þeirra verkefna, sem um getur í 26. gr. og 4.-6. mgr. 31. gr. þessarar reglugerðar og 30. gr. tilskipunar 2006/43/EB að því er varðar sérstaka löggilta endurskoðendur, endurskoðunarfyrirtæki eða net þeirra, er hægt að stofna ráð með þátttöku heimaaðildarríkis og sérhvers annars lögbærs yfirvalds, að því tilskildu að:

- a) löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið veiti lögboðna endurskoðunarþjónustu einingu tengdri almannahagsmunum, innan lögsögu hlutaðeigandi aðildarríkja eða
- b) útibú, sem er hluti af endurskoðunarfyrirtækinu, sé stofnað innan lögsögu hlutaðeigandi aðildarríkis.

2. Ef um er að ræða tiltekna löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarfyritæki skal lögbært yfirvald aðildarríkis fara með hlutverk samræmingaraðila.

3. Ef um er að ræða sérstök net geta lögbær yfirvöld aðildarríkja, þar sem netið er með umtalsverða starfsemi, farið fram á það við Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda að hún stofnsetji ráð með þátttöku þeirra lögbæru yfirvalda sem fara fram á þetta.

4. Innan 15 virkra daga frá stofnun ráðs lögbærra yfirvalda með tilliti til sérstaks nets skulu aðilar að því velja samræmingaraðila. Ef ekki næst samkomulag skal Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda tilnefna samræmingaraðila úr hópi aðila að ráðinu.

Aðilar að ráðinu skulu endurskoða val á samræmingaraðila a.m.k. á fimm ára fresti til þess að tryggja að sá sem er valinn sé sá sem best hæfir í stöðuna.

5. Samræmingaraðili skal vera í forsæti á fundum ráðsins, samræma aðgerðir ráðsins og tryggja skilvirk upplýsingaskipti milli aðila að ráðinu.

6. Samræmingaraðili skal, innan 10 virkra daga frá því að hann eða hún er valinn, koma á skriflegu samræmingarfyrirkomulagi innan ramma ráðsins að því er varðar eftirfarandi málefni:

- a) upplýsingar sem lögbærum yfirvöldum ber að miðla sín í milli,
- b) tilvik þar sem lögbærum yfirvöldum ber að hafa innbyrðis samráð,
- c) tilvik þar sem lögbær yfirvöld geta úthlutað eftirlitsverkefnum í samræmi við 33. gr.

7. Ef ekki næst samkomulag um skriflegt samræmingarfyrirkomulag skv. 6. mgr. getur hvaða aðili ráðsins sem er vísað málinu til Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda. Samræmingaraðilinn skal taka tilhlýðilegt tillit til álits sem Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda veitir varðandi skriflega samræmingarfyrirkomulagið áður en hann samþykkir lokaútgáfu þess. Skriflega samræmingarfyrirkomulagið skal sett fram í einu skjali þar sem ítarlegar ástæður fyrir öllum verulegum frávikum frá ráðgjöf Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda eru tilgreindar. Samræmingaraðili skal senda skriflega samræmingarfyrirkomulagið til aðila að samstarfshópnum og Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda.

33. gr.

Úthlutun verkefna

Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis getur úthlutað hvaða verkefni sínu sem er til lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis, með fyrirvara um að það yfirvald fallist á það. Úthlutun verkefna skal ekki hafa áhrif á ábyrgð þess lögbæra yfirvalds sem úthlutar verkefni.

34. gr.

Trúnaðarkvöð og þagnarskylda í tengslum við samstarf lögbærra yfirvalda

1. Þagnarskylda skal gilda um alla þá sem starfa hjá eða hafa starfað hjá þeim aðilum sem tekið hafa þátt í samstarfsrammanum milli lögbærra yfirvalda, eins og um getur í 30. gr. Upplýsingar, sem falla undir þagnarskyldu, skal ekki afhenda neinum öðrum aðila eða öðru yfirvaldi nema nauðsyn beri til slíkrar upplýsingagjafar vegna dómsmáls eða að kröfu Sambandsins eða samkvæmt landslögum.

2. Ákvæði 22. gr. skulu ekki koma í veg fyrir að aðilar sem taka þátt í samstarfsramma lögbærra yfirvalda, eins og um getur í 30. gr., og lögbæru yfirvaldanna skiptist á trúnaðarupplýsingum. Slík upplýsingaskipti skulu háð þagnarskyldu þeirra sem starfa eða hafa starfað hjá þeim lögbæru yfirvöldum sem taka við upplýsingunum.

3. Fara skal með öll upplýsingaskipti samkvæmt þessari reglugerð milli aðila sem taka þátt í rammanum um samstarf milli lögbærra yfirvalda, eins og um getur í 30. gr., og lögbærra yfirvalda og annarra yfirvalda og aðila samkvæmt þagnarskyldu nema ef birting þessara upplýsinga er skylda samkvæmt Sambands- eða landslögum.

35. gr.

Vernd persónuupplýsinga

1. Aðildarríki skulu beita tilskipun 95/46/EB gagnvart vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í aðildarríkjunum samkvæmt þessari reglugerð.
2. Reglugerð (EB) nr. 45/2001 skal gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin annast í tengslum við þessa reglugerð og tilskipun 2006/43/EB.

IV. KAFLI

Samstarf við yfirvöld í þriðju löndum og við alþjóðastofnanir og -aðila

36. gr.

Samningar um upplýsingaskipti

1. Lögbærum yfirvöldum er því aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum ef um upplýsingarnar ríkir þagnarskylda, í viðkomandi þriðju löndum, sem er að lágmarki jafngild þeirri sem sett er fram í 22. og 34. gr. Lögbær yfirvöld skulu tafarlaust tilkynna um slíka samninga til Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda og upplýsa framkvæmdastjórnina um þá.

Upplýsingaskipti samkvæmt þessari grein skulu einvörðungu fara fram ef slík upplýsingaskipti eru nauðsynleg fyrir framkvæmd verkefna viðkomandi lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari reglugerð.

Ef þess háttar upplýsingaskipti fela í sér að persónuupplýsingar eru sendar til þriðja lands skulu aðildarríkin fara að ákvæðum tilskipunar 95/46/EB og Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda skal fara að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 45/4001.

2. Lögbær yfirvöld skulu hafa samstarf við lögbær yfirvöld eða aðra hlutaðeigandi aðila í þriðju löndum að því er varðar gæðaeftirlit og rannsóknir á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Að fenginni beiðni lögbærs yfirvalds skal Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda leggja sitt af mörkum til þessa samstarfs og við að koma á samleitni í eftirliti í samstarfi við þriðju lönd.

3. Ef samstarf eða upplýsingaskipti tengjast vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum, sem löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki hafa undir höndum, gildir 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

4. Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda skal vinna leiðbeiningar um efni samstarfssamninga og upplýsingaskipta sem um getur í þessari grein.

37. gr.

Birting upplýsinga sem móttæknar eru frá þriðju löndum

Lögbært yfirvald aðildarríkis má því aðeins birta trúnaðarupplýsingar, sem tekið er við frá lögbærum yfirvöldum þriðju landa, ef samstarfssamningur kveður á um slíkt, ef það hefur fengið skýlaust samþykki þess lögbæra yfirvalds sem sendi upplýsingarnar og, eftir atvikum, ef upplýsingarnar eru eingöngu birtar í þeim tilgangi sem það lögbæra yfirvald samþykkti, eða ef Sambandið eða landslög gera kröfu um slíka birtingu.

38. gr.

Birting upplýsinga sem sendar eru til þriðju lands

Lögbært yfirvald aðildarríkis skal gera kröfu um að trúnaðarupplýsingar, sem það sendir lögbæru yfirvaldi þriðja lands, megi því aðeins upplýsa um af hálfu þessa lögbæra yfirvalds til þriðju aðila eða yfirvalda að áður fengnu skýlausu samþykki þess lögbæra yfirvalds sem sendi upplýsingarnar, í samræmi við landslög þess og að því tilskildu að upplýst sé um upplýsingar í þeim eina tilgangi sem lögbært yfirvald aðildarríkisins hefur veitt samþykki sitt fyrir eða ef slíkrar upplýsingagjafir er krafist samkvæmt Sambands- eða landslögum eða hún er nauðsynleg vegna málshöfðunar í umræddu þriðja landi.

39. gr.

Beiting framsals

1 Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2 Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 9. gr., á fimm ára tímabili sem hefst 16. júní 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3 Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 9. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4 Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5 Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 9. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

40. gr.

Endurskoðun og skýrslur

1. Framkvæmdastjórnin skal skoða og greina frá rekstri og skilvirkni samstarfskerfis lögbærra yfirvalda innan ramma Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda, sem um getur í 30. gr., einkum að því er varðar hvernig staðið er að verkefnum Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda sem skilgreind eru í 7. mgr. þeirrar greinar.

2 Í skoðuninni skal taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi, einkum í tengslum við að efla samstarf við lögbær yfirvöld þriðju lands og leggja af mörkum til að bæta tilhögun samstarfs við eftirlit með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum eininga tengdra almannahagsmunum, sem tilheyra alþjóðlegum endurskoðunarnetum. Framkvæmdastjórnin skal ljúka endurskoðun sinni eigi síðar en 17. júní 2019.

3 Skýrslan skal lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á. Í þessari skýrslu skal gera grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur á sviði samstarfs milli lögbærra yfirvalda innan ramma Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda frá því að þeim ramma var komið á og leggja til hvaða skref skulu tekin í framhaldinu til að auka árangur af samstarfi milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 17. júní 2028, senda skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um beitingu þessarar reglugerðar.

41. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Frá og með 17. júní 2020 skal eining tengd almannahagsmunum ekki ganga frá eða endurnýja verksamning um endurskoðun við tiltekinn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki ef umræddur löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hefur veitt umræddri einingu tengdri almannahagsmunum endurskoðunarþjónustu samfellt í 20 ár eða lengur, á þeim tímapunkti sem þessi reglugerð öðlast gildi.
2. Frá og með 17. júní 2023 skal eining tengd almannahagsmunum ekki ganga frá eða endurnýja verksamning um endurskoðun við tiltekinn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki ef umræddur löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hefur veitt umræddri einingu tengdri almannahagsmunum endurskoðunarþjónustu samfellt í 11 ár eða lengur en skemur en 20 ár samfellt á þeim tímapunkti sem þessi reglugerð öðlast gildi.
3. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. geta verksamningar um endurskoðun, sem gerðir voru fyrir 16. júní 2014 og eru enn fyrir hendi miðað við 17. júní 2016, verið áfram í gildi til loka hámarkstímans sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 17. gr. eða í b-lið 2. mgr. 17. gr. Ákvæði 4. mgr. 17. gr. skulu gilda.
4. Ákvæði 3. mgr. 16. gr. skulu gilda einvörðungu um verksamninga um endurskoðun eftir lok tímabilsins sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 17. gr.

42. gr.

Ákvæði landslaga

Aðildarríkin skulu samþykkja viðeigandi ákvæði til að tryggja skilvirka beitingu þessarar reglugerðar.

43. gr.

Niðurfelling ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB er hér með felld úr gildi.

44. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 17. júní 2016.

Þó skal 6. mgr. 16. gr. gilda frá og með 17. júní 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. KOURKOULAS

forseti.